



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Arnarfjörður á miðöldum

Framvinduskýrsla 2020



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Kristín Sýlvía Ragnarsóttir

Með viðauka Gunnars Grímssonar

NV nr. 02-21

Janúar 2021

Forsíðamynd: Skálinn og smáhýsið á Auðkúlu þegar búið var að ljúka við skála og unnið er við uppgröft á smáhýsi framan við skálann.

EFNISYFIRLIT

1.	Grunnupplýsingar	8
2.	Tæknileg atriði	9
	2.1 Útdráttur	9
	2.2 Forsaga rannsóknar	10
	2.3 Stjórnarsýsla og fjármögnun	12
	2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2020	13
	2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi	14
	2.6 Stærð og umfang uppgrafter	15
3.	Rannsóknin á Auðkúlu	15
	3.1 Sumar 2017	16
	3.2 Sumar 2018	16
	3.3 Sumar 2019	20
	3.4 Sumarið 2020	22
	3.5 Jarðhýsi/smáhýsi (Svæði G)	36
4.	Rannsóknin á Hrafseyri	43
	4.1 Sumarið 2019	43
	4.2 Sumarið 2020	45
5.	Túlkun	49
	5.3 Skálinn á Auðkúlu	49
	5.2 Jarðhýsi/Smáhýsi á Auðkúlu	55
	5.3 Hrafseyri	59
6.	Lokaorð	60
7.	Heimildaskrá	62
8.	Sýnishorn af gripum sem fundust sumarið 2020	63
9.	Skrár	69
	9.1 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) Skáli 2017-2020	69
	9.2 Jarðlagaskrá (Contextaskrá) smáhýsi 2020	112

9.3	Jarðlagaskrá (Contextaskrá) Hrafnseyri (Skurðir A og B) 2020	119
9.4	Fundaskrá öskuhaugur	120
9.5	Fundarskrá skáli 2018.....	122
9.6	Fundaskrá 2019	128
9.7	Fundaskrá 2020	131
9.8	Fundaskrá Smáhýsis (Svæði G) 2020	134
9.9	Ljósmyndaskrá 2018.....	136
9.10	Ljósmyndaskrá 2019	140
9.11	Ljósmyndaskrá 2020	143
9.12	Sýnaskrá 2017	151
9.13	Sýnaskrá 2018.....	151
9.14	Sýnaskrá 2019.....	155
9.15	Sýnaskrá 2020.....	156
9.16	Sýnaskrá Smáhýsi (Svæði G) 2020	157
10.	Hnitaskrá Borkjarna á Hrafnseyri.....	157
11.	Flæðirit (Harris Matrix) Skálinn.....	158
12.	Flæðirit (Harris Matrix) Smáhýsi.....	159

Myndaskrá

MYND 1. STAÐSETNING AUÐKÚLU OG HRAFNSEYRI Í ARNARFIRÐI	11
MYND 2. Á GAMALLI LOFTMYND SJÁST ÞRÚ HÚS Á JÁRNVINNSLUSVÆÐINU EN TVÖ ÞEIRRA ERU KOMIN UNDIR TRÉ. KÖNNUNARSKURÐUR SEM GERÐUR VAR Í EITT ÞEIRRA BENDIR TIL TENGINGU VIÐ JÁRNVINNSLU. LÍÓSMYND: LANDMÆLINGAR ÍSLANDS. HÚSIN ERU ÓRANNSÖKUÐ.	12
MYND 3. UPPGRAFTARHÓPURINN SUMARIÐ 2020 Í KAFFIPÁSU Á SÓLRÍKUM DEGI. FRÁ VINSTRI TIL HÆGRI: GUNNAR GRÍMSSON, MARGRÉT HRÖNN HALLMUNDSDÓTTIR, KRISTÍN SYLVÍA RAGNARSDÓTTIR, JAMES MCGOVERN, KATE FITZPATRICK OG JONATHAN BUTTERY.	14
MYND 4. LANGELDUR SKÁLANS TEKID Í AUSTUR.	16
MYND 5. INNGANGUR Í SKÁLANN OG SVÖRT LÖG, TENGD JÁRNVINNSLU Í KRING.	16
MYND 6. UNNIÐ VIÐ UPPGRÖFT Á SKÁLANUM SUMARIÐ 2018.	17
MYND 7. SILFURHRINGUR SEM FANNST Í GÓLFI Í VIÐBYGGINGU SUMARIÐ 2018.	17
MYND 8. HELLULÖGN [441] VIÐ AUSTUR GAFL SKÁLANS.	18
MYND 9. SKÁLINN VIÐ LOK RANNSÓKNAR 2018.	19
MYND 10. [471] NIÐURGRÖFTUR MEÐ HELLULÖGÐUM HLIÐUM OG FLÖTUM STEINI Í BOTNI MÖGULEGA SÁFAR.	20
MYND 11. HÉR ER RENNA [481] SEM VAR FUNDIN UNDIR STÖRRI HELLU SEM VAR VIÐ INNGANG INN Í VIÐBYGGINGUNA.	21
MYND 12. SKÁLINN Í LOK RANNSÓKNAR 2019. STOÐARHOLUR OG SÁFÖR SJÁST. TORF VAR EKKI TEKID AF VEGGJUM VIÐ RANNSÓKNINA Í ÁR.	22
MYND 13. HÉR SÉST HÁLFHRINGUR [528] MEÐ STOÐARHOLU [526] SKORNA Í TORFIÐ OG SVART LAG [529] SEM LIGGUR UNDIR TORFBUNKANUM.	23
MYND 14. HÁLFHRINGUR [582] ÞAR SEM BÚID ER AÐ GRAFA SNIÐ Í TIL AÐ ATHUGA UMFANG OG STÆRÐ.	24
MYND 15. VINNUMYND VIÐ FJARLÆGINGU Á SVÖRTU LAGI UTAN VIÐ SUÐUR VEGG SKÁLA. ÞAR SÉST HVERNIG LAGID FER UPP AÐ VEGGJUM OG Í AUSTUR STÉTT SKÁLANS.	25
MYND 16. HÉR ERU BENDA ÖRVARNAR Á STOÐARHOLURNAR ÞRÍJAR VIÐ NORÐURVEGG VIÐBYGGINGAR. EFST ER STOÐARHOLA [569], Í MIÐJU ER STOÐARHOLA [567] OG NEÐST Á MYNDinni ER STOÐARHOLA [565].	26
MYND 17. STOÐARHOLUR VIÐ NORÐUR VEGG. ÖRIN SÝNIR STAÐSETNINGU OG SNIÐ Á STOÐARHOLU [561]. STOÐARHOLAN VAR DÝPRI EN AÐRAR STOÐARHOLUR UTAN VIÐ NORÐURHLIÐ SKÁLANS. STOÐARHOLA [563] ER NEÐAR Á MYNDinni OG ÞAR SÉST Í LÍKLEGA PÖKKUNASTEINA Í FYLLINGUNNI.	26
MYND 18. STOÐARHOLA [530] STAÐSETT SUÐVESTAN VIÐ INNGANG Í SKÁLA.	27
MYND 19. STOÐARHOLA [587] Í PLANI, ÞAR SJÁST STÓRIR PÖKKUNARSTEINAR Í FYLLINGUNNI.	27
MYND 20. PINNAHOLUR [601] STAÐSETTAR Á MILLI SUÐURVEGGJAR OG STOÐARHOLNA.	28
MYND 21. VINNUMYND AF STOÐARHOLUM [555] OG [553] VIÐ NORÐURVEGG Í VESTUR ENDA SKÁLA.	29
MYND 22. SVART LAG [550] Á NORÐUR BEKK.	30
MYND 23. STOÐARHOLA [573] ÞAR SEM FYLLINGIN ER TVÍSKIPT.	30
MYND 24. RENNA [602] OG STOÐARHOLA [571] FULLGRAFNA.	31
MYND 25. KVARTS HOLUFYLLING [F#33] SEM FANNST Í STOÐARHOLU [546].	32
MYND 26. HOLA [540] VIÐ NORÐUR VEGG Í VIÐBYGGINGU, FYRIR UPPGRÖFT.	32
MYND 27. RENNA [552] SEM ER AUSTAN OG SAMHLIÐA RENNU [481] SEM VAR GRAFIN ÁRIÐ 2019.	33

MYND 28. FELUHOLA [533] SEM VAR STAÐSETT VESTAN VIÐ ELDSTÆÐIÐ. HÉR SJÁST TVÆR FYLLINGAR HOLUNNAR. NEÐRI FYLLINGIN [535] SVÖRT AÐ LIT OG KOLAMIKIL OG EFRI FYLLINGIN [534] BRÚNLITAÐUR LEIR OG SILT MEÐ RAUÐUM BLÆ.	34
MYND 29. TEIKNING AF SKÁLA OG JARÐHÝSI FULLGRAFÍÐ. SVARTIR HRINGIR TÁKNA STOÐARHOLUR OG GRÁTT ERU STEINAR.	35
MYND 30. HÉR SÉST LOFTGAT [706] SEM HEFUR VERIÐ FYLLT. FYRRI MYNDIN ER LOFTGATIÐ UTAN VIÐ VEGGI SMÁHÝSISINS OG SEINNI MYNDIN SÝNIR LOFTGATIÐ Í VEGG INNAN ÚR ELDSTÆÐI.....	36
MYND 31. ELDSTÆÐIÐ Í SMÁHÝSINU. MYNDIRNAR TEKNAR Á MISMUNANDI TÍMUM Í FERLI UPPGRAFTAR. EFRI MYND TIL VINSTRI: UPPHAF UPPGRAFTAR. EFRI MYND TIL HÆGRI: BÚIÐ AÐ FJARLÆGA EFSTA HRUN. NEÐRI MYND TIL VINSTRI: BÚIÐ AÐ FJARLÆGA HRUN NIÐUR Á SÓTAÐAN JARÐVEG. NEÐRI MYND TIL HÆGRI: LOK UPPGRAFTAR Á ELDSTÆÐI ÞAR SEM BÚIÐ VAR AÐ FJARLÆGA SÓTAÐA FYLLINGU OG STEINA Í ELDSTÆÐI.	37
MYND 32. JÁRN SKÆRI [F#3] SEM VORU FUNDINN Í HRUNI [703] UTAN VIÐ SMÁHÝSIÐ. FYRRI MYNDIN ER AF SKÆRUNUM Í SITU OG SEINNI TVÆR ERU MYNDIRNAR ERU FRÁ ÞJÓÐMINJASAFNINU ÞAR SEM AF SKÆRUN VORU Í FORVÖRSLU.	39
MYND 33. KOLABLETTUR [710] VIÐ AUSTUR HLIÐ SMÁHÝSIS.	39
MYND 34. HÉR SÉST SKELLÓTT SVART OG LJÓS GRÁBRÚNT LAG [708] OG LAG [711] SEM HAFÐI MIKIÐ AF ELDSPRUNGNUM OG SÓTUÐUM STEINUM.....	40
MYND 35. SMÁHÝSIÐ VIÐ LOK RANNSÓKNAR.	41
MYND 36. TEIKNING AF SMÁHÝSINU Á AUÐKÚLU. SVARTIR HRINGIR ERU STOÐARHOLUR, GRÁIR HRINGIR VIÐ AUSTUR OG NORÐUR VEGG ERU STOÐARSTEINAR, SVARTUR HRINGUR MEÐ STEINUM Í ER STOÐARSTEINN, GRÁTT ER ELDSTÆÐIÐ OG BLÁTT ERU VEGGIR SMÁHÝSISINS.....	42
MYND 37. MYNDIN SÝNIR MEÐ BLÁU HVAR SVÖRT GÓLFLÖG KOMU FRAM Í BORKJÖRNUM Á MILLI SMÁHÝSIS OG ÖSKUHAUGS.	43
MYND 38. STAÐSETNING BORKJARNNA FRÁ ÁRINU 2019 OG PRUFUSKURÐIR FRÁ ÁRINU 2020.	45
MYND 39. HÉR SÉST MÚRSKEIÐIN BENDA Á SVART GÓLFLAG [703] Í SKURÐI A.	46
MYND 40. TORFVEGGUR [804] Í SKURÐI B Á HRAFNSEYRI.	47
MYND 41. TEIKNING AF SKURÐI B Í TÚNINU Á HRAFNSEYRI.	48
MYND 42. KÖNNUNARSKURÐUR C ÞAR SEM GÓLFLAG VAR SJÁANLEGT.....	48
MYND 43. SÁFÖR [469], [485] OG [488] Í AUSTURENDA SKÁLA.....	50
MYND 44. TEIKNING ÚR BÓK HÁKON CHRISTIE, BLS. 54 (MYND FENGIN ÚR SMÁRITI BYGGÐASAFNS SKAGFIRÐINGA XIV. GAMLIR BYGGINGAHÆTTIR FRÁ ÁRINU 2011, BLS 5).....	51
MYND 45. TEIKNING AF SKÁLANUM Á HRÍSBRÚ HVERNIG HANN HEFUR LITIÐ ÚT. ÞAR SJÁST STUÐNINGSSTOÐIR UTAN VIÐ BYGGINGUNA.	53
MYND 46. ENDURBYGGINGAR Í TRELLEBORG OG FYRKAT Í DANMÖRKU. FYRRI MYNDIN ER AF TRELLEBORG OG SEINNI ER Í FYRKAT.....	53
MYND 47. MYNDIN ER FRÁ 2018 OG SÝNIR VEL HVAR VANTAR TORFVEGG Í AUSTUR OG OFAN Á SVÆÐINU ÞAR SEM VEGGUR VAR HAFÐI MYNDAST SVART LAG SEM TENGIST STARFSEMI JÁRNVINNSLU SEM VIRÐIST HAVA VERIÐ Á SVÆÐINU EFTIR AÐ SKÁLINN ER TEKIN ÚR NOTKUN.	49
MYND 48. GRIPUR [F#10]. NAGLI MEÐ VARDVEITTUM VIÐARLEIFUM Í SITU.	54
MYND 49. HÉR SÉST STAÐSETNING ATHYGLISVERÐA SKEYTTA STEINSINS Á FYRRI MYNDinni OG Á SEINNI MYNDinni SJÁST ÞRÍR HRINGIR SKORNIR Í STEININN.	57

MYND 50. FYRRI MYNDIN SÝNIR SKURÐINA OG SEINNI SÝNIR STAÐSETNINGU ÖSKUHAUGS OG SMÁHÝSIS OG HVERNIG SKÁLINN LIGGUR OG LÍKLEG STÆRÐ HANS OG AFSTAÐA.....	59
MYND 51. HÉR ER SKÁLINN OG SMÁHÝSIÐ LOKAÐ MEÐ TORFI OG PLAST SETT SVO YFIR TIL AÐ MYNDA GRÓÐURHÚSARÁHRIF TIL AÐ GRASIÐ TAKI VIÐ SÉR.	61
MYND 52. BRÝNI [F#16] FUNDIÐ Í HRUNI ÚT FRÁ VEGG [434] Í SKÁLA.....	63
MYND 53. PERLA ÚR STEINI [F#47] FUNDIN Í FYLLINGU Í STOÐARHOLU [596] Í SKÁLA.	63
MYND 54. TAFLMAÐUR ÚR STEINI [F#9] FUNDINN Í ERFA SETLAGI [425] Á NORÐUR BEKK.....	63
MYND 55. JÁRN NAGLI [F#53] FUNDINN Í SVÖRTU LAGI [550] Á NORÐUR BEKK.	64
MYND 56. SAKKA ÚR STEINI [F#28] FUNDINN Í SVÖRTU LAGI [550] Á NORÐUR BEKK.	64
MYND 57. ARÐUR [F#39] FUNDINN Í SVÖRTU LAGI [550] Á NORÐUR BEKK.....	65
MYND 58. KLÉBERGSPOTTSBROT [F#6] FUNDIÐ Í GÓLFI [709] Í SMÁHÝSI.....	65
MYND 59. KLJÁSTEINN [F#13] FUNDINN Í GÓLFI [709] Í SMÁHÝSI.....	65
MYND 60. ÍSKORINN STEINN MEÐ SVÖRTU Í MIÐJU [F#14] (MÖGULEG KOLA?) FUNDINN Í ELDSTÆÐI [707].	66
MYND 61. KLJÁSTEINN [F#18] FUNDINN Í ELDSTÆÐI [707].	66
MYND 62. MÖGULEG BÖKUNARHELLA [F#19] FUNDIN Í SMÁHÝSI.	67
MYND 63. BRÝNI FUNDIÐ Í SKURÐI B Á HRAFNSEYRI.....	67
MYND 64. HNÍFSKAFT FUNDIÐ Í SKURÐI B Á HRAFNSEYRI	68

1. Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 201506-0065

ÞJMS-númer: 2020-38

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun:

Stutt lýsing rannsóknar: Vísindarannsókn á miðaldabýlum á Auðkúlu og Hrafnseyri sem hluti af Rannsókninni Arnarfjörður á miðöldum.

Tegund rannsóknar Vísindarannsókn

Staðsetning

Auðkúla og Hrafnseyri í Arnarfirði, Vestur Ísafjarðarsýsla, Vestfjörðum.

GPS hnit

Auðkúla ISN93: A 294196, N 592117

Hrafnseyri ISN93: A 296256, N 591828

Leyfishafi

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 7 starfsmenn



2. Tæknileg atriði

2.1 Útdráttur

Fornleifarannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hófst árið 2011 og hefur staðið yfir síðan. Rannsóknir hafa verið stundaðar á bæjunum Hrafnseyri, Auðkúlu og Litla Tjaldanesi í Arnarfirði sem áður tilheyrði hinum gamla Auðkúluhrepp.

Rannsóknirnar á Auðkúlu hafa staðið yfir síðan árið 2015. Síðan rannsóknin hófst er búið að rannsaka á járnvinnslusvæði, bænhústóft og í hluta af kirkjugarði. Rannsóknir á skála hófust árið 2017 og er hann meðal stærstu skála sem hafa verið grafnir upp á Vestfjörðum. Samhliða rannsóknnum á skála var grafið í öskuhaug skálans sem er þar við hliðina. Auk þessara mannvirkja sem grafnar hafa verið upp á Auðkúlu er ljóst að þar eru að finna smáhýsi (sem var rannsakað í ár) og líklega stór smiðja neðan við skálann (sem hefur ekki verið grafinn upp), og bygging ofan við skálann sem gæti verið fjósið.

Fleiri byggingar og mannvirki eru á svæðinu eins og túngarður og þrjú hús sem í dag eru að mestu komin undir birkitré sem hafa dreift sér út frá skóræktarsvæði sem stendur þar við hliðina. Sumarið 2017 var svo staðfest með borkjarnarannsókn að um 100 m frá skálanum er líklega annað hús sem ekki var vitað um og virðist vera íverustaður með svörtum gólflögum.

Sumarið 2020 var hafist handa við að loka uppgreftri á skálanum á Auðkúlu auk smáhýsis sem var staðsett sunnan við skálann. Tilgátur fyrri ára var að smáhýsið væri líklegt fjós en með rannsóknnum í sumar kom í ljós að þar væri smáhýsi. Lögð var áhersla á að ljúka rannsókn á skálum, grafa upp stoðarholur, rannsaka hvaða notkun viðbyggingin hafði, fá veggina fram og rannsaka utan við skálann.

Í túninu á Hrafnseyri næsta bæ við Auðkúlu voru grafnir tveir skurðir í framhaldi af borkjarnarannsókn frá árinu 2019. Við rannsóknina voru staðfest ummerki um búsetu sem komið höfðu fram við borkjarnarannsókn þar sem komið var niður á gólflag og þykkan torfvegg.

Sem hluti af fornleifarannsókninni Arnarfjörður á miðöldum var framkvæmd fjarkönnun sumarið 2020. Verkefnið fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og var unnið af

Gunnari Grímssyni, með ráðgjöf frá Margréti Hrönn Hallmundsdóttur. Markmið verkefnisins var að skrá og mæla upp fornleifar í Arnarfirði með ljósmyndum og hitamyndum teknar úr flygildi og myndirnar unnar í kort með notkun myndmælinga. Áhersla var lögð á minjastaði í norðanverðum Arnarfirði og Ketildölum. Skýrsluna í heild sinni er hægt að sjá í **Viðauka I** aftast.

2.2 Forsaga rannsóknar

Rannsóknin á Auðkúlu er hluti að rannsókninni *Arnarfjörður á miðöldum* sem staðið hefur yfir árin 2011-2020. Markmið rannsóknarinnar eru að skoða búsetuþróun Arnarfjarðar frá landnámi og fram á miðaldir. Er það gert með þverfaglegum rannsóknum og notast við aðferðafræði fornleifafræðinnar í formi uppgrafa, borkjarnarannsókna, fjarkönnunar og skráningar á fornleifum. Fyrstu árin var eingöngu rannsakað á Hrafseyri en árið 2013 var ákveðið að útvíkka rannsóknina á næsta bæ vestur af Hrafseyri en þar hafði bóndinn rekið augun í mjög fornar rústir á svæði í landi Auðkúlu sem nefnist Partur. Engar heimildir eru um þessar minjar af frátalinni neðanmálgrein í Jarðabók Árna og Páls Víталín frá 1710 þar sem greint er frá rústum í landi Auðkúlu á svæði sem kallast Partur og þar hafði fundist gjall og sindur á yfirborði auk þess sem menn sáu til rústa sem þeir töldu vera af fornbylí manna.¹

Rannsóknir á Hrafseyri og Auðkúlu voru unnar samhliða árin 2013-2017. Þá var járnvinslusvæði ofan við skálann grafið og bænhús og kirkjugarður rannsakaður.


Sumarið 2017 var ákveðið að beina athygli rannsóknarinnar eingöngu að minjum á Parti í landi Auðkúlu.

Árið 2017 hófst svo rannsókn á skálanum á Parti og kom í ljós að skálinn var mjög stór, eða 23. metra langur, sem telst með stærri skálum. Gripir sem fundust á þessu litla svæði benda til ríkrar efnismenningar. Auk skálans fundust með borkjarnarannsókn líklegt fjós (sem seinna kom í ljós að væri smáhýsi), smiðja og öskuhaugur býlisins. Einnig fannst óþekkt býli um 100 m frá skálanum, mögulega frá sama tíma.

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víталín. 1940:19

Á Auðkúlu er einstök óröskuð minjaheild. Þar eru að finna í jörðu rústir heildstæðs landnáms-/miðaldabýlis og iðnaðarsvæðis. Járnvinnslusvæðið er mjög merkilegt en fyrstu niðurstöður benda til þess að járnvinnsla hafi jafnvel hafist áður en búseta hófst á svæðinu og varað legur en búsetan stóð.

Með rannsóknum á þessu býli gefst kostur á rannsaka heilstætt þessar minjar. Markmið rannsóknarinnar á Auðkúlu er að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:



Mynd 1. Staðsetning Auðkúlu og Hrafnseyri í Arnarfirði

- *Hvenær var skálinn í notkun?*

Markmiðið er að svara þeirri spurningu með aldursgreiningum C14 og gripagreiningum og rannsóknum á formgerð skálans.

- *Var járn fullunnið á staðnum, mögulega sem söluvara? Á jörðinni er enn órannsakað stórt hús sem líkast til hefur verið smiðja og fyrirhugað var að grafa það sumarið 2020, en með könnunarskurði sem var grafinn í líklegt fjós, sem var svo smáhýsi, var ákveðið að grafa það upp að fullu. Einnig eru þrjú hús á járnvinnslusvæðinu og bendir könnunarskurður til þess að þau tengist vinnslu á járn á svæðinu.²*

² Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir, 2016; Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir, 2017.

• *Hvert er samspil iðnaðar og landbúnaðar á staðnum?* Það er einstakt að rannsaka jörð þar sem iðnaður og landbúnaður er stundaður samhliða en járnvinnslan virðist hafa verið umfangsmeiri en sem nemur þörf eins býlis. Athyglisvert verður að bera rannsóknina saman við önnur járngerðarbýli (Iron farm) sem rannsökuð hafa verið eins og Hrísheima, Háls o.s.f.



Mynd 2. Á gamalli loftmynd sjást þrjú hús á járnvinnslusvæðinu en tvö þeirra eru komin undir tré. Könnunarskurður sem gerður var í eitt þeirra bendir til tengingu við járnvinnslu. Ljósmynd: Landmælingar Íslands. Húsin eru órannsökuð.

• *Hver var þróun byggðar í norðanverðum Arnarfirði?* Rannsóknin hefur komið fram með nýja sýn á þróun byggðar í Arnarfirði og haldið verður áfram að vinna með þessa rannsóknarspurningu. En sumarið 2019 bættist við ómetanleg vitneskja þegar staðfest var að Litla Tjaldanes er fornbyli.³ Þar að auki mun skráning fornleifa með flygildi varpa ljósi á þróun byggðar í norðanverðum Arnarfirði.

2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Þegar rannsóknin hófst árið 2011 fékk hún styrk frá sjóðnum Vestfirðir á miðöldum sem þá var starfandi og var hægt að hefja forrannsókn með þeim styrk árið 2011 með gerð könnunarskurða. Næstu ár á eftir fengust engir styrkir úr Fornminjasjóði og var rannsóknin fjármögnuð af styrkjum frá Leonardo sjóð Evrópusambandsins sem fólst í því að erlendir háskólanemar í fornleifafræði komu til starfa við rannsóknina.

Árið 2015 fékkst styrkur fyrir rannsóknina úr Fornleifasjóð sem hefur styrkt rannsóknina með fjárframlagi síðan [nema árið 2019]. Jafnframt hefur prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands styrkt rannsóknina síðan 2015 með mótframlagi. Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri hefur lagt rannsókninni til húsnæði og aðstöðu öll rannsóknarárin. Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur svo veitt tvo styrki til að miðla

³ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2019.

niðurstöðum rannsóknarinnar, sem hefur verið gert með sýningu og skiltum sem standa á Hrafnseyri.

Árið 2020 fékkst styrkur frá Fornminjasjóði og frá Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar til rannsókna sem fól í sér að klára rannsóknir á skálanum og smáhýsi á Auðkúlu og uppgröft á könnunarskurðum á Hrafnseyri. Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri lagði til húsnæði og aðstöðu á meðan uppgræftri stóð. Þar að auki fékkst styrkur frá Nýsköpunarsjóð námsmanna fyrir verkefninu *Kortlagning fortíðarinnar, Skráning fornleifa við Arnarfjörð með flygildi, myndmælingum, hitamyndavél og gömlum loftljósmyndum*.

2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina sumarið 2020

Við rannsóknina sumarið 2020 störfuðu sex fornleifafræðingar og aðstoðarkona. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og aðstoðar uppgræftarstjóri var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir í fjórar vikur en hún hófst 3 ágúst og lauk þann 28 ágúst. Veður var blautt fyrstu tvær vikurnar en þurrt seinni tvær.

Fornleifafræðingar sem störfuðu við rannsóknina sumarið 2019:

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Stjórnandi og uppgræftarstjóri.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Aðstoðar uppgræftarstjóri. MSc.

James McGovern Fornleifafræðingur. MA.

Jonathan BATTERY. Fornleifafræðingur. MA.

Kate Fitzpatrik. Fornleifafræðingur. MA.

Gunnar Grímsson. Fornleifafræðingur. BA.

Herdís Friðriksdóttir. Aðstoðarkona.



Mynd 3. Uppgrafterhópurinn sumarið 2020 í kaffipásu á sólríkum degi. Frá vinstri til hægri: Gunnar Grímsson, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Kristín Sylvía Ragnarsdóttir, James McGovern, Kate Fitzpatrick og Jonathan Buttery.

2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Við rannsóknina er notuð single context-aðferðafræði þar sem hver eining er grafin upp í öfugri tímaröð og skráð, teiknuð og ljósmynduð. Þessi aðferðafræði hefur reynst mjög vel á Íslandi og er kennd sem aðferðafræði við uppgröft í Háskóla Íslands. Þetta er aðferðafræði sem íslenskir fornleifafræðingar kunna og eru vanir sem og þeir bresku fornleifafræðingar sem hafa stafað við rannsóknina frá upphafi. Því er þessi rannsóknaraðferð mjög heppileg til rannsókna.

Gripir eru skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafnsins. Allir gripir voru varðveittir og staðsetning flestra merkt inn á teikningar. Öll bein og allir gripir í öskuhaug voru varðveitt og öll jarðlög voru þurr sigtuð utan yfirborðslaga. Möskvar sigtis voru 4 mm. Notast var við dróna Mavic air 2. 4 k sem notaður var í upphafi og lok hvers dags ef verður leyfði. Allar teikningar voru handteiknaðar á teikniplast í hlutföllum 1/20 og hæðir teknar með venjulegum hæðamæli. Hnit voru skráð á öllum staurum með Trimble Juno 4

uppmælingatæki. Eigið hnitakerfi (grid) var sett upp á XY ás sem og notast við landsnets hnitakerfið ÍSNET93. Um 90% af gólfinu var tekið í sýni. Ljósmyndir voru teknar á Canon EOS 650 með 18/55 mm linsu og skráð í ljósmyndaskrá. Vinnumyndir voru teknar á síma og spjaldtölvu.

2.6 Stærð og umfang uppgrftar

Lengd þess svæðis sem opnað var yfir skálanum er 27 m á lengd og 13 m á breidd sem svo var aukin um 2.5 m á 7 metra kafla þar sem viðbygging er. Svæðið allt sem opnað var er 368 m². Áætla má að það rúmmál sem búið er að grafa sé um 52 rúmmetrar. Yfir smáhýsinu var opnað 10 x 7 m svæði sem var um 70 m² og má áætla að um 20 rúmmetrar hafi verið grafnir.

Skálinn er hluti af minjaheild sem er bæjarstæðið sjálft með bænhúsi, grafreit, járnvinnslusvæði, túngarði, öskuhaug, smáhýsi og líklegri smiðju. Vitað er um níu mannvirki innan túngarðs en líklegt er að þau séu fleiri. Fundnir gripir í skála árið 2020 voru 56 gripir og í smáhýsi voru 21 gripir. Teknir voru 13 pokar af sýnum úr skála og sex pokar af sýnum úr smáhýsinu.

3. Rannsóknin á Auðkúlu

Lýsing á rannsókninni frá árunum 2017-2019 eru höfð með hér með að neðan til þess að halda samhengi við það sem var rannsakað sumarið 2020.

3.1 Sumar 2017⁴

Við rannsóknina árið 2017 var opnað svæði sem var 5x10 m að stærð. Þar kom fram langeldur [404] sem var yfir 5 m á lengd og við langeldinn var gólflag [405] endaði komu fram tveir bekkir [425][429] og síðar breiðir veggir úr torfi og grjóti [403][406].



Mynd 4. Langeldur skálans tekið í austur.

Við rannsóknina 2017 fundust nú glerperlur sem eru dæmigerðar 10. aldar perlur. Þetta verður að teljast mikið magn af perlum þar sem þá hafði ekki verið rannsakaður nema lítil hluti

skálans. Stærð skálans og gripasafn benda sterklega til þess að þarna hafi verið mikil efnismenning.

3.2 Sumar 2018⁵

Sumarið 2018 hélt rannsókn á skálanum áfram og nú var allt svæðið opnað eða 30 m á lengd og 10 m á breidd í fyrstu. Svæðið var síðan stækkað á einum stað til að fá fram rými aftan við skálann. Í ljós kom að skálinn var 23 m á lengd og 7 m á breidd. Aftan við skálann var svo herbergi eða anex sem virtist þá hafa verið byggt á sama tíma og skálinn.



Mynd 5. Inngangur í skálann og svört lög, tengd járnvinnslu í kring

Skálinn var rétt undir yfirborði og undir grassverðinum er lag [402]. Þetta lag er mjög lífrænt og gæti verið vindborðið lag sem blandast hefur við þakhrun skálans. Þetta lag virðist liggja meira og minna yfir öllum

⁴ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2018.

⁵ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir, 2019.

skálanum. Undir þessu lagi eru gólf og bekkir skálans. Líklega er þetta lífrænt lag sem myndast hefur þegar skálinn hrundi. Inngangur hefur verið í skálann á suðurhlið. Inngangur þessi [442] eru sléttar stórar hellur sem liggja út frá skálanum og inn í hann. Þetta er mjög samsvarandi stétt og var í skálanum á Grelutóptum.

Viðbygging eða herbergi er á norður hlið skálans [440] í fljótu bragði virðist sem sú viðbygging sé samtíða skálanum en ekki verður hægt að fullyrða það fyrr en uppgrefti á skálanum líkur. Inn í viðbyggingunni er svart lífrænt gólfslag í miðju [443] í því gólfslagi fannst heill silfurhringur auk perlna. Ofan á gólfinu [443] í viðbyggingunni var brúnleitt torflag líklega hluti af þaki



Mynd 6. Unnið við uppgroft á skálanum sumarið 2018.

mögulega sama og ([402][432] [424][442]) Herbergið hefur ekki verið fullgrafið en svo virðist sem að við austurvegg viðbyggingarinnar hafi eitthvað staðið á gólfinu hugsanlega tunna eða einhver keröld [454][464] mögulega hafa verið bekkir eða trégólf við vegg viðbyggingarinnar því gólfslagið [443] er mjótt og er í miðju rýmisins.

Í vestur gafli skálans eru hellur sem mynda stétt [441] rétt eins og hellurnar við inngang skálans [442]. Bil er á vegg skálans og stór hella þar sem mögulega hefur verið annar inngangur í skálann. Ekki er algengt að dyr séu í gafli á skálum. Annað sem vekur sérstaka athygli er að aðeins eru um 1 ½ m frá hinum meintu dyrum að brattri brekku þar sem rusli úr skálanum var hent niður brekkuna. Annar möguleiki



Mynd 7. Silfurhringur sem fannst í gólfi í viðbyggingu sumarið 2018.

er að þetta sé renna að einhverju tagi. Frekari rannsóknir munu leiða þetta í ljós. Svart gólfslag er að finna í öllum skálanum. Í austur enda skálans voru við lok rannsóknar farnir

að koma fram mjög spennandi hleðslur úr grjóti sem líklega munu skýra hvað fór fram í þeim enda skálans. Miðja skálans sem grafin var árið 2017 er mjög dæmigerð með langeldi og bekkjum beggja vegna. Gólf voru grafin upp á þeim kafla árið 2017 og var góflag ekki þykkt. Mögulega má skýra það með útmokstri á gólfi. Bekkir virðast hafa verið í skálanum við langeldinn [425][429]. Tvær stórar stoðarholur hafa verið grafnar fram [410][407] en fleiri voru farnar að birtast þegar rannsókninni var hætt. Gólf voru ekki tekin upp þetta sumar, nema á þeim 5 metrum sem grafnir voru árið 2017. Skálinn er sá stærsti sem rannsakaður hefur verið á Vestfjörðum og greinilegt að þarna var stórt býli þar sem járn var búið til og unnið samhliða búskap.



Mynd 8. Hellulögn [441] við vestur gaff skálans.



Mynd 9. Skálinn við lok rannsóknar 2018.

3.3 Sumar 2019⁶

Sumarið 2019 tókst að fjármagna tveggja vikna uppgröft sem miðaði að því að taka upp gólfög og til að bjarga gripum sem voru þar að finna. Gólfögin voru frekar þunn og er líklegt að þeim hafði verið mokað út úr skálanum enda fundust merki þess í öskuhaug skálans, þar fundust gripir, líkt og beinprjónn og gripur úr beini, sem líklega hafa týnst í gólfum frekar en að þeim hafi verið hent í öskuhauginn. Sumarið 2019 fundust um 20 stoðarholur en ekki tókst að klára að grafa þær allar fram á þeim tveim vikum sem uppgröfturinn stóð. Við norður langhlið skálans á móts við inngang er hellulagður niðurgröftur með hellu í botni einskonar steinþró [471].



Mynd 10. [471] Niðurgröftur með hellulögðum hliðum og flötum steini í botni mögulega sáfar.

Í austur enda skálans var lítið gólflag sjáanlegt en á miðju gólfi var mikið af steinum sem myndaði af því virtist ílangan steinhlaðin strúktúr [462] sem ekki var hægt að segja til um notkun á. Þar við hliðina var niðurgröftur sem myndaði eins og tvær hringlaga holur [485][488] og var stórri hellu komið fyrir þar á milli (sjá mynd 42). Í annarri holunni var steinn í botni og var hún að hluta steinpökkuð. Líklegt er að þarna hafi staðið einhverskonar keröld. Telja má líkur á því að í austur rými skálans hafi verið búr eða geymsla af einhverju tagi. Það er niðurgröftur á þremur hringlaga formum sem bendir til þess að þarna hafi staðið tunnur. Niðurgröfturinn er alveg niður í jökulruðninginn sem er náttúrlegur undir skálanum.

Tvær stórar stoðarholur [465] við austurenda, upp við enda bekkjanna, virðast hafa þjónað þeim tilgangi að halda uppi þili sem hefur lokað af bekki til austurs á milli bekkja og forstofu sem hefur verið við inngang. Líklega hefur annað svipað þil eða veggur stúkað

⁶ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2019.

af miðju hússins til vesturs líka en bekkur við suðurvegg endar mjög skyndilega við stoðarstein. Húsið virðist því hafa verið stúkað af í þrjú rými. Austurrýmið er forstofa þar sem stétt liggur inn í húsið og þar til hægri hefur verið búr eða geymslurými. Miðja hússins þar sem langeldur er, hefur líka verið þiljað af og svo er ekki komið í ljós hvað var gert í vesturenda hússins en þar virðist sem aðrar dyr hafi verið. Engir bekkir voru í vesturenda skálans og gólfíð náði að veggjum þar. Bekkir skálans voru athyglisverðir því að svo virðist sem þeir hafi verið gerðir úr torfi og ekki hafi legið tré yfir þeim. Tvö lög af kolablönduðu torfi [429] [516] fundust á suðurbekk sem bendir til að bekkirnir hafi verið eingöngu úr torfi og síðar hafi seinna lagi torfsins verið bætt ofan á bekkinn. Líklegt er að kolasmítið upp á bekki hafi komið frá gólfi. Þau voru þjöppuð og feit og líktust yfirborði frekar enn að þau hafi verið í torfi.

Ekki er komið í ljós til hvers viðbygging hússins var notuð en þó er ljóst að eitthvað stóð meðfram veggjunum í rýminu. Lítið eldstæði var í miðju þess og svart gólf í kring um eldstæðið. Stór flöt hella var við inngang frá skála inn í rýmið og þegar hún hafði verið fjarlægð kom í ljós einhverskonar renna [481].



Mynd 11. Hér er renna [481] sem var fundin undir stórrí hellu sem var við inngang inn í viðbygginguna.



Mynd 12. Skálinn í lok rannsóknar 2019. Stoðarholur og sáför sjást. Torf var ekki tekið af veggjum við rannsóknina í ár.

Ekki tókst að ljúka rannsókninni sumarið 2019 enda mjög lítið fé sem fékkst til rannsókna en lögð var áhersla á að ná upp gólfögum til að bjarga gripum. Utan við skálann var spurningum ósvarað en svart lag var þar að finna sem er líklega frá því járnvinnsla fór þar fram og nær það lag alveg að kirkjugarði en svart kolalag fannst að kirkjugarðsvegg árið 2015. Ekki tókst að fullrannsaka þetta lag en vísbendingar voru í þá átt að járnvinnsla hafi haldið áfram eftir að byggð lagðist af á jörðinni, en þó meðan veggir voru nokkuð uppistandandi þar sem lagið virðist leggjast að veggjum.

3.4 Sumarið 2020

Sumarið 2020 var hafist handa við að klára uppgröft á skálanum á Auðkúlu. Markmið rannsókna þetta árið var að grafa stoðarholur og grafa fram þær stoðarholur sem fundust árið áður sem ekki gafst tími til að rannsaka, fá veggj skálans fram, svara ósvöruðum spurningum í viðbyggingu skálans og að rannsaka Jarðhýsi/smáhýsið. Hér fyrir neðan verður skýrt frá þeim einingum (context) sem voru skráðar árið 2020. Fyrst verður fjallað um einingar utan skála svo innan skála.

Utan við og upp við suður vegg voru tveir hálfhringlaga strúktúrar úr torfi og grjóti [528][582]. Ekki er beint vitað hvaða tilgangi þessir strúktúrar þjónuðu en líklega hefur þetta verið einhverskonar styrking fyrir vegginn og/eða þakið þar sem fleiri stoðarholur fundust utan við vegg skálans. Torflag og steinar [528] voru í um 1 m fjarlægð frá vestur inngangi. Lína af steinum myndar hálfhring utan um torfið sem var dökkbrúnt að lit með fjólubláum blæ og gulum skellum líkt og veggir skálans. Hálfhringurinn er 1,6 m á lengd, 70 cm á breidd og um 20 cm þykkt. Svart lag [529] var undir þessum strúktúr og er líklegt að það sé það sama og svört lög sem hafa verið skráð utan við byggingarnar ([525], [444] og [704]). Hefur þá þessum strúktúr verið bætt við bygginguna eftir að skálinn var byggður. Stoðarhola [526] var skorin í torfið og var hún hringlaga, um 34 cm á lengd, 33 cm á breidd og 14 cm djúp. Fylling stoðarholunnar var mjúk og laus gulbrúnn siltaður sandur með lítið af kolasmíti og mól efst [527].



Mynd 13. Hér sést hálfhringur [528] með stoðarholu [526] skorna í torfið og svart lag [529] sem liggur undir torfbunkanum.

Strúktúr [582] var staðsettur um miðjan suðurvegg. Þar var þétt dökkbrúnt torflag með fjólubláum blæ og gulum skellum líkt sem lá undir hrúni úr veggjum, með steinum í

endum sem mynduðu hálfhring. Stór steinn var í miðju þess og er líklegt að hann hafi verið stoðarsteinn fyrir stuðningsstoð (support post). Svart lag [525] er ekki sjáanlegt undir þessum strúktúr og hefur torfið líklega verið lagt á sama tíma og skálinn var byggður.



Utan við skálann austan megin var þétt svart sendið lag með mikið af kolum [446] sem var skráð árið 2018. Lag

Mynd 14. Hálfhringur [582] þar sem búið er að grafa snið í til að athuga umfang og stærð.

þetta var beint ofan á náttúrulegum jarðveg og er líklega það sama og lag [525] sem fannst sunnan megin við skála og svarta lagið [704] á austur vestur og norður hlið smáhýsis. Lag [525] var svartur siltaður sandur með mikið af kolum og beinum í. Alls fundust fimm gripir í laginu og voru það; tveir járn naglar [F#6, F#14], tveir járnútar með óþekkt hlutverk [F#5, F#8] og rauður jaspis steinn [F#7]. Þetta svarta lag virðist liggja yfir öllu svæðinu og leggst upp að veggjunum skálans, smáhýsis og kirkjugarðs og er undir hrúni úr veggjum. Líklegt er að þetta sé einhverskonar vindborið efni frá járnvinnslusvæði eftir að húsin eru byggð og hefur svo verið traðkað með ágangi manna á svæðinu.



Mynd 15. Vinnumynd við fjarlægingu á svörtu lagi utan við suður vegg skála. Þar sést hvernig lagið fer upp að veggjum og í austur stétt skálans.

Undir þessum lögum utan við skálann fundust sex stoðarholur og er líklegt að þær hafi verið einhverskonar stuðningsstoðir líkt og strúktúrar [528] og [529]. Þrjár voru við norður hlið viðbyggingar, tvær við norður vegg og ein við suður vegg skálans nálægt austur inngangi.

Stoðarholur staðsettar við viðbygginguna voru hringlaga stoðarhola [565] var staðsett utan við norðvestur horn á viðbyggingunni. Stoðarholan hafði flatan botn og grunnar hliðar. Fylling stoðarholunnar ([566]) var þétt gulbrún sendin silt með fáum smáum steinum. Hringlaga stoðarhola [567] var staðsett utan við norður hlið á viðbyggingunni.

Stoðarholan hafði flatan botn og aflíðandi hliðar. Fylling stoðarholunnar ([568]) var þétt gulbrún sendin silt. Stoðarhola [569] var staðsett utan við norðaustur horn á viðbyggingunni. Stoðarholan er óregluleg í laginu með flatan botn og virtist skurður stoðarholunnar vera stærri í plani en eftir uppgröft var stoðarholan minni. Fyllingin ([570]) var þétt gulbrún sendin silt með fáum steinum.



Mynd 16. Hér eru benda örvarnar á stoðarholurnar þrjár við norðurvegg viðbyggingar. Efst er stoðarhola [569], í miðju er stoðarhola [567] og neðst á myndinni er stoðarhola [565].

Stoðarholur staðsettar utan við norðurvegg voru tvær, það voru hringlaga stoðarhola [561] og [563]. Stoðarhola [561] hafði íhvolfdar hliðar og rúnaðan botn. Fylling [562] var laus grábrún siltaður og leirkenndur jarðvegur. Hringlaga stoðarhola [563] hafði íhvolfdar hliðar og rúnaðan botn. Fylling [564] var laus gulbrún sendin silt með fáum steinum.



Mynd 17. Stoðarholur við norður vegg. Örin sýnir staðsetningu og snið á stoðarholu [561]. Stoðarholan var dýpri en aðrar stoðarholur utan við norðurhlið skálans. Stoðarhola [563] er neðar á myndinni og þar sést í líklega pökkunasteina í fyllingunni.

Hringlaga stoðarhola [530] staðsett utan við suðurvegg á skála suðvestan við austur inngang. Stoðarholan fannst undir tröðkuðu lagi [525]. Stoðarholan hafði brattar hliðar og flatan botn. Fylling [531] var laus grábrúnn leir/siltaður jarðvegur með kolasmíti.



Mynd 18. Stoðarhola [530] staðsett suðvestan við inngang í skála.

Innan skálans fundust 27 stoðarholur. Við suðurhlið skálans á mörkum veggjar og bekkjar fundust níu stoðarholur. Stoðarholurnar verða taldar upp hér frá vesturs til austurs. Stoðarhola [583] var hringlaga með lóðréttar hliðar og íhvolfdan botn. Fylling stoðarholunnar ([584]) var laus til miðlungs þétt dökkbrúnt silt með stórum pökkunarsteinum. Stoðarhola [585] var sporöskjulaga með lóðréttum hliðum og íhvolfdum botni. Fylling stoðarholunnar ([586]) var laus til miðlungs þétt dökkbrún silt með stórum pökkunarsteinum. Stoðarhola [587] var sporöskjulaga með lóðréttum hliðum og íhvolfdum botni. Fylling stoðarholunnar ([588]) var laus til miðlungs þétt dökkbrúnt silt með stórum pökkunarsteinum og voru tveir þeirra teknir sem gripir þar sem einn þeirra virtist vera einhverskonar hamarsteinn þar sem var slétt á eina hliðina [F#49] og hinn steinninn hafði ískorna rák [F#45].



Mynd 19. Stoðarhola [587] í plani, þar sjást stórir pökkunarsteinar í fyllingunni.

Stoðarholur [589], [591] og [593] voru allar sporöskjulaga í laginu með hallandi hliðar og íhvolfdan botn. Fyllingarnar [590], [592] og [594] í stoðarholunum voru allar eins og voru laus til miðlungs þétt dökkbrúnt silt með stórum pökkunarsteinum. Í fyllingu [592] fannst járn bútur með óþekkt hlutverk [F#46].

Stoðarhola [595] var sporöskjulaga í laginu með hallandi hliðar og bylgjótta botn. Fylling stoðarholunnar ([596]) var laus til miðlungs þétt dökkgrábrún silt með stórum pökkunarsteinum. Í fyllingunni fannst steina perla [F#47], vikursteinn [F#48] og kvarts steinn [F#51]. Stoðarhola [599] var sporöskjulaga með næstum lóðréttar hliðar og íhvolfdan botn. Fylling stoðarholunnar ([600]) var miðlungs þétt, dökkbrúnt silt með miðstórum pökkunarsteinum. Í botninum var fyllingin malarkenndari en að ofan. Í fyllingunni fannst kvarts steinn [F#50] og var lítið brot af dýratönn tekið í sýni [S#13]. Stoðarhola [597] var austasta stoðarholan í línunni við suður vegg og var staðsett rétt við austur inngang. Stoðarholan var hringlaga með lóðréttar hliðar og íhvolfdan botn. Fylling stoðarholunnar ([598]) var laus til miðlungs þétt dökkbrúnt silt með stórum pökkunarsteinum.

Við suðurvegg rétt vestan við austur inngang inn í skála voru staðsettar 15 pinnaholur. Pinnaholurnar [601] voru á milli stoðarholna [589-597] og suður veggjar. Pinnaholurnar eru staðsettar með um 50 cm millibili á milli þeirra og eru um það bil 8 cm í þvermál og að minnsta kosti 10 cm djúpar. Fylling í pinnaholunum var laus, dökkbrúnn siltaður jarðvegur. Miðað við jafns bils á milli pinnaholanna er líklegt að þar hefur verið staðsetning innréttinga frekar en vefstæðis.



Mynd 20. Pinnaholur [601] staðsettar á milli suðurveggjar og stoðarholna.

Við vestur inngang var stoðarhola [559] staðsett við vestur vegg rétt norðan við steinahellurnar. Stoðarholan var hringlaga með aflíðandi hliðar og íhvolfdan botn. Fylling stoðarholunnar ([560]) var laus til miðlungs þétt dökkbrúnn siltaður jarðvegur með smáum steinum og í henni fannst járn nagli [F#40].

Alls voru fjórar stoðarholur staðsettar við norðurvegg vestan við viðbyggingu. Vestast af þessum stoðarholum var stoðarhola [557]. Stoðarholan hafði lóðréttar hliðar og íhvolfdan botn. Fylling stoðarholunnar ([558]) var laus dökkbrúnt silt með smáum steinum. Stoðarhola [555] var önnur stoðarholan frá vestri. Stoðarholan hafði lóðréttar hliðar og íhvolfdan botn. Fylling stoðarholunnar ([556]) var laus dökkbrún silt með pökkunarsteinum. Stoðarhola [553] var þriðja stoðarholan frá vestri og hafði hún íhvolfdar hliðar og botn. Fylling stoðarholunnar ([554]) var skellótt dökk-svarbrúnt siltað torf með pökkunarsteinum og í henni fannst kljásteyn [F#38]. Austast og næst inngangi á viðbygginu var stoðarhola [548]. Hringlaga stoðarhola með íhvolfdan botn og lóðréttar hliðar. Fylling [549] í stoðarholu var laus, ljósbrún silt með stórum pökkunarsteinum. Möguleg unnin flinta [F#36] fannst í fyllingunni.



Mynd 21. Vinnumynd af stoðarholum [555] og [553] við norðurvegg í vestur enda skála.

Á norður bekk austan við viðbygginguna var svart lag [550] undir því sem var áður talið vera set [425]. Þessi lög eru bæði talin saman sem bekkur við norður hlið skálans og eru lík tveimur lögum á suðurbekk sem voru einnig kolablönduð ([429], [516]). Lagið var þéttur dökk-svarbrúnn siltaður sandur með mól. Lagið lá beint ofan á náttúrulega jökulruðningnum og var greinilegra vestan til og fjaraði svo út í austur enda bekkisins. Lagið var um 6 m á lengd, 1 m á breidd og mest um 10 cm þykkt. Alls voru 13 fundanúmer

gefin í laginu og voru það 14 járn naglar [F#26, F#30, F#32, F#53], arður [F#39], fimm járn bútar með óþekkt hlutverk [F#24, F#27, F#31], járn þynna [F#25], brýni [F#54], hnífsblað [F#55], sakka [F#28] og tveir jaspis steinar [F#29]. Eitt kolasýni var tekið út laginu [S#9].



Mynd 22. Svart lag [550] á norður bekk.

Undir svarta laginu á norður bekk kom í ljós fimm stoðarholur ([571][573][575][577][579]) og ein renna ([602]). Stoðarholurnar voru allar staðsettar á mörkum bekkjar ([425][550]) og norður veggjar ([403]). Rennan var niðurgrafin með grjóti í röð og hefur mögulega verið þil/skilrúm við enda á bekk.

Stoðarhola [571] var staðsett vestast í línu af stoðarholum á mörkum bekkjar og norður veggjar. Stoðarholan hafði íhvolfdar hliðar, flatan botn. Fylling stoðarholunnar ([572]) var þétt brún torfblanda með gráum og svörtum skellum. Í fyllingunni voru smáir kolamolar, pökkunarsteinar og einn járn



Mynd 23. Stoðarhola [573] þar sem fyllingin er tvískipt.

nagli **[F#43]**. Stoðarhola **[573]** var önnur stoðarhola frá vestri á mörkum bekkjar og norður veggjar. Stoðarholan hafði íhvolfdar hliðar, pökkunarsteina og tvær fyllingar. Efri fyllingin (**[574]**) var þétt grábrúnt siltað sendið torf með litlu kolasmíti og var um 2 cm þykkt. Neðri fyllingin (**[581]**) var um 6 cm á þykkt og var laust svart kolalag með stórum og heilum kolum og smáum steinum. Kolasýni **[S#11]** var tekið úr neðri fyllingunni. Stoðarhola **[575]** var þriðja stoðarholan frá vestri á mörkum bekkjar og norður veggjar. Stoðarholan var næstum hringlaga með íhvolfdar hliðar og flatan botn. Fylling stoðarholunnar (**[576]**) var þétt, dökkbrúnn/svartur siltaður sandur með smáum pökkunarsteinum og kolasmíti. Stoðarhola **[577]** var fjórða stoðarholan frá vestri á mörkum bekkjar og norður veggjar. Stoðarholan var með óreglulegar hliðar og rúnaðan botn. Fylling stoðarholunnar (**[578]**) var þéttur dökk-svarbrúnn siltaður sandur með kolasmíti og ljósbrúnn siltaður sandur þar sem stoðin hefur líklega verið. Í fyllingunni fannst járn nagli **[F#44]**. Stoðarhola **[579]** var fimmta stoðarholan frá vestri á mörkum bekkjar og norður veggjar. Stoðarholan var hringlaga með brattar hliðar og rúnaðan botn og var 30 cm á lengd, 28 cm á breidd og 15 cm djúp. Fylling stoðarholunnar (**[580]**) var þéttur, brúnn skellóttur siltaður sandur með litlum kolamolum í.

Renna (niðurgröftur)**[602]** var staðsett rétt við stoðarholu **[571]** og niður að gólfi. Rennan var um 1,1 m að lengd, 23 cm að breidd og 15 cm djúp. Fylling rennunnar (**[603]**) var laus grábrúnn siltaður sandur með svörtum skellum og í henni voru litlir steinar og járn bútur með óþekkt hlutverk **[F#52]**. Ekki er vitað hvaða tilgangi rennan hafði en þar virtist vera niðurgröftur mögulega fyrir einhverskonar skilrúm á milli bekks og viðbyggingar.



Mynd 24. Renna **[602]** og stoðarhola **[571]** fullgrafnar.

Við inngang inn í viðbyggingu var stoðarhola **[523]**. Sporöskjulaga stoðarhola staðsett norðan við vestur enda eldstæðis undir gólflagi og er rétt sunnan við rennu **[481]**. Stoðarholan er í línu við stoðarholur norðan megin í skála sem eru staðsettar á mörkum

gólfs og bekks. Fylling stoðarholunnar ([524]) er laus ljós- og dökkbrún silt með mikið af litlum steinum og pökkunarsteinum.

Við fjarlægingu á lagi [423] og gólfi [443] í viðbyggingu komu í ljós fimm stoðarholur ([536], [538], [542], [544], [546]) sem voru staðsettar sitthvoru megin við gólfið og ein stór hola [540] við norður vegg. Stoðarhola [536] var nyrst stoðarholna austan megin í viðbyggingu. Fylling í stoðarholunni ([537]) var þétt torf með fjólubláum skellum og smáum steinum. Stoðarhola [538] var önnur stoðarhola frá norðri austan megin í viðbyggingunni. Fylling stoðarholunnar ([539]) var milli brúnt sendið torf með kolasmíti. Stoðarhola [542] var sporöskulaga var nyrst stoðarholna vestan megin í viðbyggingu. Fylling stoðarholunnar ([543]) var laus, ljósbrúnt



Mynd 25. Kvarts holufylling [F#33] sem fannst í stoðarholu [546].

silt með smáum steinum. Stoðarhola [544] var önnur stoðarhola frá norðri vestan megin í viðbyggingu. Fyllingin ([545]) var laus, millibrúnn siltaður jarðvegur með smáum steinum. Í fyllingunni voru tveir gripir; járn nagli [F#20] og mögulegur hnífur [F#21]. Stoðarhola [546] var þriðja stoðarhola frá norðri vestan megin í viðbyggingunni. Fylling stoðarholunnar ([547]) var laus ljósbrúnn siltaður jarðvegur með pökkunarsteinum. Í fyllingunni var kvarts holufylling [F#33] sem var tekin sem gripur þar sem mótaði fyrir einhverskonar skál eða að hún hafi verið notuð sem kola.




Mynd 26, Hola [540] við norður vegg í viðbyggingu, fyrir uppgröft.

Hola [540] var sporöskjulaga og staðsett beint upp við norður vegg í viðbyggingunni. Holan var um 1,2 m á lengd, 1,1 m á breidd og 15 cm djúp. Fyllingin ([541]) var ljósbrúnt

og rauðskellótt siltað torf og innihélt smáa steina og kljástain **[F#23]**.

Austan við, og samhliða rennu **[481]** sem var fundin árið 2019 kom í ljós önnur renna (**[551]**). Túlkun á þessum rennum er líklega að þarna hafi verið inngangur inn í viðbyggingu og rennurnar mögulega vegna dyraumbúnaðar, partur að stoðvirki gangs yfir í herbergið úr tré. Erfitt er að greina skurð rennunnar, en hún hefur verið fyllt með svipuðu efni og náttúrulegi jarðvegurinn. Fyllingin **[552]** var laus, brún sendin mól með litlu kolasmíti. Í fyllingunni fundust tveir gripir; einn járn nagli **[F#34]** og möguleg kola **[F#35]**.



Mynd 27. Renna **[552]** sem er austan og samhliða rennu **[481]** sem var grafin árið 2019.

Við vestur enda eldstæðis var hola **[533]**. Hlutverk holunnar hefur líklega verið feluhola til að halda eldi lifandi. Feluholan var næstum hringlaga í plani og um 41cm í þvermál og 40 cm á dýpt. Fylling holunnar var tvískipt, neðri fylling **[535]** var laus svört sendin silt með mikið af kolum. Fyllingin var sjáanleg við jaðar holunnar og hafði smitað út frá sér í náttúrulega jarðveginn. Í fyllingunni fannst rauður steinn með óþekkt hlutverk **[F#15]**.

Efri fyllingin [534] virðist hafa verið fyllt viljandi í holuna eftir að búið að fjarlægja mestu kolin. Fyllingin var 18 cm þykk, brúnlitadur leir og silt með rauðum blæ.



Mynd 28. Feluhola [533] sem var staðsett vestan við eldstæðið. Hér sjást tvær fyllingar holunnar. Neðri fyllingin [535] svört að lit og kolamikil og efri fyllingin [534] brúnlitadur leir og silt með rauðum blæ.

Tvær stoðarholur sem voru fundnar árið 2019 sem ekki gafst tími til að grafa voru báðar á mörkun gólfs og bekkjar. Ein var við suðurhlið vestan við eldstæði og hin var norðan við eldstæðið. Hringlaga stoðarhola [518] staðsett við stóran stein á mörkum bekks og gólfs í suðvestur enda skálans. Stoðarholan var með flatan botn og lóðréttar hliðar. Tvær fyllingar voru í stoðarholunni og var efri fyllingin ([519]) þétt grábrún siltaður sandur og innihélt stoðasteina og soðsteina. Neðri fyllingin ([522]) var laus svartur siltaður sandur með mikið af kolasmíti og brenndum beinum. Neðri fyllingin svipaði til gólflags í skála. Lítil stoðarhola [520] var staðsett í línu af stoðarholum á mörkum gólfs og bekkjar í norður enda skálans. Stoðarholan var sporöskjulaga með rúnuðum botni og íhvolfum hliðum. Fylling í stoðarholunni ([521]) var laus skellótt dökkbrúnt og appelsínugult siltað torf með litlum steinum og pökkunarsteinum.



Mynd 29. Teikning af skála og jarðhýsi fullgrafið. Svartir hringir tákna stoðarholur og grátt eru steinar.

3.5 Jarðhýsi/smáhýsi (Svæði G)

Tilgátur fyrri ára var að tóftin sunnan við skálann væri fjós, þar sem veggir þess voru háir og greinilegir á yfirborði og virtist húsið ekki vera niðurgrafið í miðju. Við frekari athuganir kom í ljós að þar væri smáhýsi (Jarðhýsi) en ekki fjós. Hér eftir verður húsið kallað smáhýsi en það er að sömu gerð og svokölluð jarðhýsi, bæði að stærð og hinum þekkta ofni sem oftast finnst í jarðhýsum. Ekki verður með góðri samvisku hægt að kalla húsið jarðhýsi þar sem það er ekkert niðurgrafið eins og oftast er með hús af þessari gerð.

Smáhýsið var staðsett í um 5 m fjarlægð frá suðausturhlið skálans. Húsið var ferkantað með rúnuð horn og um 7 m langt og 5 m breitt.

Undir yfirborði ([701]) voru veggir smáhýsisins ([702]) og var hann um 1,20 m breiður þar sem hann var breiðastur og um 20 cm háir. Torfið í veggjum var ljós appelsínugulbrúnt með strengjum, ólíkt því torfi sem var í veggjum skálans. Í suðurvegg var líklegur skurður fyrir loftgati ([706]) inn í eldstæði og var það greinilegt í sniði veggjar að utan og innan smáhýsis. Loftgatið var hringlaga og torflegið um 50 cm langt í gegnum vegg og um 15 cm í þvermál. Fyllingin ([712]) var appelsínugulbrúnn siltað og torfblandaður jarðvegur með smáaum malarmolum. Líklega hefur gatið verið fyllt eftir að húsið var komið úr notkun.



Mynd 30. Hér sést loftgat [706] sem hefur verið fyllt. Fyrri myndin er loftgatið utan við vegg smáhýsisins og seinni myndin sýnir loftgatið í vegg innan úr eldstæði.

Eldstæðið eða ofninn í smáhýsinu var 2 m á lengd og 1,8 m á breidd. Steinar í eldstæðinu ([705]) voru misstórir og voru margir þeirra eldsprungnir og sótaðir. Út við röndina voru steinarnir stórir og mynduðu þeir eldstæðið sjálft. Innan þeirra í miðju eldstæðis voru litlir og miðstórir steinar. Fyllingin í eldstæðinu var svartur siltaður sendinn jarðvegur

([707]) með mikið af kolasmíti og kolamolum og var rauðappelsínugulur sandur við brún eldstæðis. Í eldstæðinu fundust 10 gripir og voru það flintusteinar [F#5, F#12, F#15], brot úr mögulegum millusteini [F#10], ískorinn steinn mögulega kljásteyn [F#14], tveir kljásteynar [F#16, F#18], eitt klébergsbrot [F#17], steinn með þremur útskornum hringjum í [F#11] og mörg brot úr mögulegri bökunarplötu [F#19].



Mynd 31. Eldstæðið í smáhýsinu. Myndirnar teknar á mismunandi tímum í ferli uppgrافتar. Efri mynd til vinstri: upphaf uppgrافتar. Efri mynd til hægri: búið að fjarlægja efsta hrun. Neðri mynd til vinstri: búið að fjarlægja hrun niður á sótaðan jarðveg. Neðri mynd til hægri: lok uppgrافتar á eldstæði þar sem búið var að fjarlægja sótaða fyllingu og steina í eldstæði.

Gólfíð í smáhýsinu ([709]) var svart milli þétt kolasmítaður siltaður sandur sem var þykkast við miðju. Mikið var af möl, kolum og ösku í gólfinu. Gólfíð er þunnt en virðist breytast í lit í um 50 cm upp að norður og suður veggjum. Líklega er þarna um að ræða bekki [724] smáhýsisins þar sem smitast hefur út frá gólfi og upp á bekki. Gólfíð nær upp að veggjum austan megin og endar við eldstæði suðvestur horni og við upphækkun í norðvestur horni. Í gólfinu fundust sjö gripir og voru það tveir kljásteynar [F#20, F#13], járn lykll [F#21], tveir naglar [F#8, F#9] og tvö brot úr klébergspotti [F#6, F#7]. Eitt jarðvegssýni var tekið úr gólfi austan við eldstæði þar sem gólfíð var þykkast [S#11].

Undir gólflagi og bekkjunum voru að finna 5 stoðarholur og voru þær allar ([715, 717, 719, 722]) nema ein ([713]) staðsettar við suðurvegg. Stoðarhola [713] var að finna í norðaustur horni smáhýsis. Stoðarholan var sporöskjulaga og óskýr í lögun vegna pökkunarsteina sem voru í henni og fyllingin ([714]) var dökkbrúnt sendið torf að ofan með smáaum kolaflögum og malarkennd að neðan. Stoðarhola [715] var staðsett austan megin við stoðarholu [719] og vestan við [722]. Stoðarholan var hringlaga í lögun og fyllingin ([716]) var grábrún siltað sendið torf með steinum sem virtust ekki vera pökkunarsteinar. Stoðarhola [717] var staðsett í austur horni við sunnan vegg, austan við stoðarholu [722]. Stoðarholan var hringlaga með mögulegum pökkunarsteinum og var fyllingin ([718]) laus, miðbrúnn jarðvegur með ljósbrúnum og gráum skellum, smáum steinum og smáum kolaflögum. Stoðarhola [719] var staðsett beint við eldstæðið vestan við stoðarholu [715]. Stoðarholan var grafin að fullu því þar var talið vera skurður fyrir eldstæði, en kom svo í ljós að þetta var hringlaga stoðarhola. Fylling stoðarholunnar ([720]) var laus dökkbrún sendin mül með mikið af kolaflögum. Stoðarhola [722] var staðsett á milli stoðarhola [717] og [715]. Stoðarholan var hringlaga og fyllingin ([723]) var laus grá svarbrún sendin silt með mikið af smáum steinum og kolaflögum.

Enginn greinilegur inngangur var sjáanlegur og er líklegt að gengið hafi verið inn í það ofan veggja, en algengt var að smáhýsi væru grafin niður og þá gengið ofan í þau líkt og smáhýsið á Grelutóttum. Smáhýsið á Auðkúlu virðist ekki hafa verið grafið niður og er líklegt að það hafi verið vegna erfiðleika að grafa í gegnum þéttan jökulruðning sem er undir húsinu.

Yfir veggjum var blandað torfhrun [703] sem var grábrúnt torf með appelsínugulum skellum í. Hrunið var um það bil 20-30 cm þykkt bæði innan smáhýsis og utan veggja. Í hruninu utan veggja smáhýsis fundust þrír gripir og voru það brýni [F#1], flintusteininn [F#2] og járn skæri [F#3] (sjá skýrslu Þjóðminjasafns Íslands í **Viðauka II**). Fjögur dýrabein voru tekin í sýni og voru það tennur og bein úr stórgripum [S#1, S#2, S#3, S#4].



Mynd 32. Járn skæri [F#3] sem voru fundinn í hruni [703] utan við smáhýsið. Fyrri myndin er af skærunum í situ og seinni tvær eru myndirnar eru frá Þjóðminjasafninu þar sem af skærun voru í förvörslu.

Undir hruni utan við smáhýsi var skellótt svarbrúnt lag [704] á norður, austur og vestur hlið smáhýsis. Lagið var þétt sendið með smáaum malarmolum og ekki sjáanlegt á suðurhliðinni. Ein tönn, líklega úr svíni, var fundin í laginu og hún tekin til greiningar [S#5]. Við austurvegg smáhýsis undir hruni var svartur kolablettur [710] með mikið af kolum í (78 x 44 cm). Líklegt að það hafi verið bruni eða að kolum hefur verið hent þar.



Mynd 33. Kolablettur [710] við austur hlið smáhýsis.

Við suðurhlið var skellótt svart og ljós grábrúnt sendið og siltað lag [708] með mikið af eldsprungnum og sótuðum steinum. Lagið var 3 m að lengd og 1 m á breidd. Í laginu fannst einn hringlaga járn gripur með óþekkt hlutverk [F#4]. Undir því var þétt lag af eldsprungnum steinum [711] með mikið af kolasmiti sem mögulega er talið vera einhverskonar eldstæði. Eldstæði smáhýsis er beint á móti þar sem þessir steinar voru fundnir utan veggins. Ekki er ólíklegt að þarna sé eldstæðið sem notað var til að hita steinana utandyra. Samskonar eldstæði fannst utan við smáhýsi á Hrafseyri⁷.




Mynd 34. Hér sést skellótt svart og ljós grábrúnt lag [708] og lag [711] sem hafði mikið af eldsprungnum og sótuðum steinum.

Smáhýsið var byggt ofan á gömlu náttúrulegu yfirborðslagi [721]. Lagið var skellótt þéttur ljósbrúnn og gulur siltaður jarðvegur sem lá yfir náttúrulega jökulruðningnum. Gamla náttúrulega yfirborðslagið var einungis að finna undir veggjum og utan við smáhýsið en ekki að innan undir gólfagi.

⁷ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2013, bls 3




Mynd 35. Smáhýsið við lok rannsóknar.



Mynd 36. Teikning af smáhýsinu á Auðkúlu. Svartir hringir eru stoðarholur, gráir hringir við austur og norður vegg eru stoðarsteinar, svartur hringur með steinum í er stoðarsteinn, grátt er eldstæðið og grænt eru veggir smáhýsisins. Svart er gólf. Utan við er mögulega eldstæði þar sem steinar voru hitaðir

4. Rannsóknin á Hrafnseyri

Sumarið 2019 var gerð borkjarnarannsókn á tveimur stöðum í tengslum við rannsóknina Arnarfjörður á miðöldum. Þær rannsóknir fóru fram á Hrafnseyri og á fornbýlinu Litla Tjaldanesi sem er næsti bær vestan við Auðkúlu. Sumarið 2020 voru tvær prufuholur grafnar í túninu á Hrafnseyri á þeim stöðum þar sem vísbendingar um búsetu voru staðfestar með borkjarnarannsókn sumar 2019.



Mynd 37. Myndin sýnir með bláu hvar svört gólflög komu fram í borkjörnum á milli smáhýsis og öskuhaugs.

4.1 Sumarið 2019⁸

Árin 2011-2016 voru gerðar rannsóknir í túninu á Hrafnseyri. Þar kom í ljós að járn og kolavinnsla hefur farið fram á Hrafnseyri allt frá 9. öld og þar var grafið upp smáhýsi frá 10. öld sem og yngri miðaldaminjar eins og flóttagöng og mögulegur virkisveggur frá Sturlungaöld. Þar sem smáhýsið og járnvinnslan benda til þess að búið hafi verið frá landnámsöld á Hrafnseyri hefur það alltaf verið áhugavert að finna hvar fyrsta byggð

⁸ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2019.

hefur verið. Telja má líklegt að miðaldaskáli hafi staðið þar sem núverandi kirkjugarður er. Heimildamaður greindi frá því að faðir sinn sem tók grafir í garðinum hefði rekist á hleðslur þar og inngangur í kirkjugarð snýr í þá átt kirkjan er frá því um 1000-1200 og á þeim tíma stóðu þær mjög nærri skálum og snéri op kirkjugarðshliðs oftast að bæ. Borkjarnarannsókn sem gerð var árið 2017 sýndi að alveg við nú verandi kirkjugarð er torf á nokkru dýpi sem enn frekar styður þessa kenningu ⁹

Síðsumars 2019 voru gerðir borkjarnar í túninu á Hrafnseyri með það markmið að kanna staðsetningu á skála. Sumarið 2018 hafði heimildarmaður greint okkur frá að hann hafi sem barn verið að grafa við enda Bælisbrekku þar sem áður var heimreið heim að Hrafnseyri og að þar hefði að hans mati verið öskuhaugur þar sem hann fann ýmsa gripi.

Á þessum tíma var Dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur að vinna að stórrri rannsókn á öskuhaugum í Arnarfirði og fleiri stöðum á Vestfjörðum. Það var úr að hann bætti öskuhaugum Hrafnseyrar við sem rannsóknarstað í rannsókn sinni. Hann staðfesti svo með könnunarskurðum að á þessum stað sem heimildarmaður hafði bent á var sannarlega öskuhaugur sem að mati Ragnars var forn.¹⁰ Með staðsetningu á öskuhaug og staðsetningu á smáhýsi frá 10. öld, sem grafið var upp árin 2012-2013, var líklegt að skáli væri nærri. Teknir voru 17 kjarnar árið 2019 þar sem gólflög kom skýrt fram.

Niðurstöður urðu því þær að sterkar líkur eru á því að búið sé að staðsetja fyrsta, eða með fyrstu stöðum byggðar á Hrafnseyri sem eru ekki á sama stað og byggð á 13. öld. Er staðsetning öskuhaugsins því mjög rökrétt miðað við hvar elsta byggð hefur verið.



Flögg merkja hvar gólflög fundust.

⁹ Margrét Hallmundsdóttir. 2018, bls 10.

¹⁰ Munnleg heimild Ragnar Edvardsson 05.01.2019[Skýrsla in press]

4.2 Sumarið 2020

Sumarið 2020 var svo afráðið að taka þrjá skurði þar sem kjarnar höfði sýnt gólflog. Skurðirnir fengu bókstafina A, B og C. Skurður A var staðsettur nærri öskuhaugi og þar sem gamla heimreiðin kom inn á túnið. Skurður B var staðsettur 20 m norðvestur af Skurði A og Skurður C var um 2 m suðvestan við Skurð B.



Mynd 38. Staðsetning borkjarna frá árinu 2019 og prufuskurðir frá árinu 2020.

Skurður A var 2 m á breidd og 5 m á lengd. Efst var grasrót [701] um 20 cm á þykkt. Undir henni var yfirborðslag [702] sem var brúnt moldarlag um 10 cm á þykkt. Þar undir kom svo í ljós gólflagið [703] það var kolsvart og feitt með brenndum og óbrenndum beinum í. Þegar gólflagið kom í ljós svo skýrt var ákveðið að grafa það ekki frekar, aðeins hreinsað ofan af um 50x50 cm reit og yfirborðslag [702] látið vernda restina af gólfinu þar sem tilgangi skuðsins var náð að staðfesta gólflag.



Skurður B (2 x 7 m) var 20 m norðvestur við Skurði A og aðeins hærra. Það var gert til þess að tilfinning rannsakenda var að skálinn væri langsum undir Bælisbrekkunni. Með því ætti veggur byggingarinnar að koma fram í skurðinum. Efsta lagið var grasrót [801] og mjög ormétin mold. Þétt torfkennt yfirborðslag með appelsínugulum skellum þetta lag er að finna í öllu túninu á Hrafnseyri [802] undir því frá norðurbrún skurðar að torfvegg er svipað lag sem er áþekkt hinu en með mikið að grófu grjóti [803] sem liggur alveg að torfvegg [804]. Ofana á torfveggnum sem kom fram í skurðinum er móöskulag [805] er það skær appelsínugult með kolum í. Suður af torfvegg er lag [806] sem er mjög laust í sér og ormétið. Undir því er lag [807] sem virðist vera yfirborð, mjög þétt, mikið af kolum sem smitast hafa í lagið og litað það, þó ekki gólf. Þetta lag minnir á tröðkuð lög í bekkjum.


Mynd 39. Hér sést svart gólflag [703] í Skurði A.



Mynd 40. Torfveggur [804] í skurði B á Hrafnseyri.


Lag [808] er einhverskonar hleðsla úr grjóti sem er við hlið bekkjarins en þó ekki alveg samsíða. Stór steinn er í skurðinum sem ekki virðist tengjast neinu og er ofan á mannvistarlögunum.

Skurður B



Mynd 41. Teikning af Skurði B í túninu á Hrafseyri.

Tilraunahola (Skurður C) var gerð 2 m til suðurs frá skurðinum sem var 1 m x 50 cm m og eins og við var að búast var gólfslag þar og steinn sem virðist mögulega hurðasteinn því hann hefur hringlaga holu sem ekki virðist náttúruleg. Brýni úr innfluttum steini fannst suður af torfvegg, þar í lagi [807].



Mynd 42. Könnunarskurður C þar sem gólfslag var sjáanlegt.

5. Túlkun

5.3 Skálinn á Auðkúlu

Veggir skálans voru mikið eyddir og mjög þunnir, þeir voru jafnframt í mjög óvenjulegum dökkfjólubláum lit sem er nokkuð líkur jarðvegi. Sami litur var á torfi í byggingum á Grelutóftum¹¹ og þar var líka lítið eftir af veggjum. Sérstaklega ógreinilegir voru veggir í austur enda skálans. Þar var ekki að sjá þétt torf líkt og annarsstaðar í skálanum en hægt var að sjá örlítinn skugga á gamla yfirborðinu um hvar veggurinn hefur mögulega verið. Líklega hefur veggurinn verið mikið hruninn eða að honum hefur verið raskað. Svipað dæmi var sjáanlegt á Grelutóttum þar sem austurgafllinn var illa hruninn og umturnaður. Skýring Guðmundar Ólafssonar á því var að líklega hafði áin hefur flætt yfir bakka sína og með því rofið austurgafllinn og valdið spjöllum víðsvegar.¹² Athyglisvert er að á bæði Auðkúlu og Grelutóttum hafði austurgafllinn verið raskaður og óskýr við uppgröft.



Mynd 43. Myndin er frá 2018 og sýnir vel hvar vantar torfvegg í austur og ofan á svæðinu þar sem veggur var hafði myndast svart lag sem tengist starfsemi járnvinnslu sem virðist hafa verið á svæðinu eftir að skálinn er tekin úr notkun.

¹¹ Guðmundur Ólafsson, 1980, bls. 31.

¹² Guðmundur Ólafsson, 1980, bls. 31.

Á Auðkúlu er ekkert rennandi vatn við enda skálans og því ekki hægt að segja að veggirnir hafi skemmst með þeim hætti. Vísbendingar eru um að svæðið hafi verið í notkun eftir að skálinn var aflagður (t.d. járnvinnslusvæðið og kolagröf [451] sem var grafin ofan í hrun út frá veggjum norðaustan við skálann) og getur verið að torf hafi verið tekið úr skálanum þar. Önnur túlkun er að veggurinn hafi verið tekinn niður þegar flutt var úr húsinu til að auðvelda flutning á stoðum og öðrum hlutum innan úr skálanum.

Sex gripir fundust þegar verið var að fjarlægja hrun úr skálaveggjum, bæði utan og innan við veggina. Voru það brýni [F#16], möguleg járnútfelling [F#17], mögulegur skorinn steinn [F#42] og þrír járn naglar [F#18, F#22, F#37]. Við hreinsun á svæðinu við upphaf uppgrafter fannst taflmaður [F#3] í suður vegg. Þar að auki fannst annar mögulegur taflmaður [F#9] við fjarlægingu á lagi [425] sem var árið áður talið vera set norðan megin í skálanum.

Undir hellum við austur inngang var þétt svart sendið jarðlag ([444]). Í sumar voru nokkrar hellur teknar upp til að rannsaka umfang þessa svarta lags og kom í ljós og þarna væri um einhverskonar uppfyllingarefni sem var með linsum af grárri ösku og var mjög malarkennt neðst. Svo virðist sem haldið var áfram að bæta þessu efni undir steinana til að jafna stéttina og koma vatni frá. Undir hellunum fundust tveir gripir; járn nagli [F#2] og rauður jaspis steinn [F#19].


Austan megin við austurinnangang skálans virðist vera búr eða einhverskonar matargeymsla austan megin. Þar fundust árið áður holur eða sáför ([469], [485], [488]) sem voru steinalagðar og var ein holan tvískipt með steinahellu upp á rönd. Þarna ofan í hafa líklega staðið ílát eins og tíðkaðist til forna.



Mynd 44. Sáför [469], [485] og [488] í austurenda skála.

Gólfíð í skálanum hefur verið grafið niður að einhverju leiti þar sem það stóð um 15 cm lægra en bekkirnir. Gólfíð var ekki þykkt og miðað við svart sendið lag utan við skála og við inngang er líklegt að gólfinu hafði verið mokað út. Mikið var um smáar leifar af brenndum beinum í svarta laginu utan við skálann sem var einnig í gólfláginu. Þar að auki voru að finna naglabrot og jaspis steina í laginu. Öskuhaugur er mjög stór og þykkur og bendir til búsetu í húsinu um langan tíma svo gólflögum hlýtur að hafa verið mokað út miðað við litla þykkt þeirra við lok búsetu. Eins og áður var sagt var um 90% gólfs tekið í sýni árið 2019.

Undir gólfláginu komu í ljós stoðarholur eftir endilöngu gólfinu á mörkum sets og gólfs. Stoðarholur í miðju gólfi og þær stoðarholur sem voru staðsettar við setbrún hafa borið þakið og stoðarholur staðsettar á mörkum bekkjar og veggjar á bæði suður og norður hlið skálans hafa líklegast borið þil sem hefur verið meðfram veggjunum. Stoðarholur voru milli 30-40 cm sem gefur vísbendingar um stærð stoða. Á mynd 44. er teikning úr bók Hákon Christie þar sem torfveggurinn hefur þil og stafi niður í bekkinn. Stoðarholurnar á Auðkúlu við vegg höfðu jafnt bil á milli sín og er líklegt að innanmál veggja og sets hafi litið svipað út og á myndinni.



Mynd 45. Teikning úr bók Hákon Christie, bls. 54 (mynd fengin úr Smáriti Byggðasafns Skagfirðinga XIV. Gamlir byggingahættir frá árinu 2011, bls 5).


Jarðlögin á bekkjunum norður- og suðurhlið voru tvískipt. Á suðurhlið voru það efra torflag [429] og undir því svart lag [516], og á norðurhlið voru það torflag [425] og svart lag [550]. Líklegast eru efri lögin einhverskonar torf eða jarðvegur sem hefur verið bætt ofan á setin.. Svörtu lögin á setinu voru ljósari í sér en gólflög og virðist vera kolasmítað jarðvegur sem hefur myndast undan viðarseti. Þeir gripir sem fundust í þessum lögum á setunum virðast vera gripir sem hafa týnst frekar en að hafa verið lagðir þar og gleymst.

Ekki er hægt að segja til um starfsemi skálans þar sem pinnaholurnar eru staðsettar. Svokallaðar pinnaholur hafa verið túlkaðar sem leifar eftir vefnaðarvinnu.¹³ Í skálanum var ekki að finna kljásteyna eða aðrar vísbendingar um vefnað við þessar holur. Þar að auki voru þær staðsettar sunnan við stoðarholurnar sem munu hafa haldið uppi þili við vegginn. Líkleg skýring á staðsetningu pinnaholanna er að þar við vegginn hafi ekkert þil verið og að pinnaholurnar hafi verið eftir innréttingar.

Stoðarholurnar sem eru staðsettar utan við bygginguna eru athyglisverðar og man skýrsluhöfundar einungis eftir einu svipuðu dæmi frá Íslandi. Á Hrísbú í Mosfellsdal fundust stórir stoðarsteinar utan við vegg skálans vestan megin og voru þeir túlkaðir sem stuðningsstoðir til að styðja við þunga byggingarinnar¹⁴ (sjá Mynd 46). Getur verið að fá dæmi séu til um stoðir utan bygginga hér á landi sé vegna að lítið hefur verið rannsakað utan við skála eða að stoðarholurnar hafi ekki verið til staðar eða að þær túlkaðar sem eitthvað annað. Á Auðkúlu er ekki er líklegt að þetta séu soðholur eða geymsluholur þar sem þær voru heldur grunnar og er túlkun þeirra að þetta voru stuðningsstoðir. Þar sem torfið í veggjum og þaki hefur ekki verið stöðugt og gat runnið til, hefur þá verið notast við þessar stuðningsstoðir til að halda við veggjum og/eða þaki.

¹³ Milek, 2006.

¹⁴ Byock, J, Walker, P.L. and Davide Zori, D. 2008, bls. 17.



Mynd 46. Teikning af skálanum á Hrísrú hvernig hann hefur litið út. Þar sjást stuðningsstoðir utan við bygginguna.¹⁵

Stuðningsstoðir eru þekkt fyrirbæri á Norðurlöndunum (t.d Trelleborg húsin og í Fyrkat í Danmörku) þar sem þeim var komið fyrir til að styðja við veggina vegna þunga þaksins.¹⁶



Mynd 47 Endurbyggingar í Trelleborg og Fyrkat í Danmörku. Fyrri myndin er af Trelleborg¹⁷ og seinni er í Fyrkat.¹⁸

Ekki er hægt að segja til hvernig þessar stuðningsstoðir voru staðsettar við skálann á Auðkúlu, hvort þær voru upp að þaki eða í vegg. Stoðarholurnar utan skálans voru að finna norðan við viðbyggingu og við norður vegg. Hægt er að leiða líkum að því að þar hafi þurft meiri stuðning við vegginn þar sem þykkt veggjar var ekki eins mikil og annarstaðar

¹⁵ Mynd fengin hér: <http://viking.archeurope.info/index.php?page=mosfell-archaeological-project-image-8>.

¹⁶ Ejstrud, B., Goddixsen, P., Henry, S., Persson, C., Tomasi, D. og Thomsen, A. 2014, bls. 17.

¹⁷ Mynd fengin hér: <https://exarc.net/venues/vikingeborgen-trelleborg-slagelse-dk>

¹⁸ Mynd fengin hér: <https://nordmus.dk/en/u/vikingecenter-fyrkat-2/>

í skálanum. Samkvæmt teikningum á sniðum stoðarholanna við norðurhlið skálans má leiða líkum að því að þær hafi verið skásettar og hafi þannig stutt við veggina eða skálagrindina. Stoðarholurnar voru allar grunnar og aðeins dýpri við norður enda stoðarholunnar, nema ein [561]. Halli suðurhliðar var minni og brattari norður hliðar. Líklegt er að stoðin hafi verið skásett í stoðarholunni. Hreyfing hefur verið á náttúrulega jökulruðningnum sem er undir svæðinu í gegnum árhundriðin og getur það hafa haft áhrif á jarðveg.

Þar að auki voru tvær greinilegar stoðarholur staðsettar við suðurhlið skálans. Ein var staðsett í torfbunka fast við vegginn austan við vestur inngang og önnur utan við vegginn vestan við austur inngang. Torfbunki með steinum í hálfhring var síðan við miðju sunnan veggjar og hafði stóran flatan stein sem hefur líklega verið stoðarsteinn. Stoðarholurnar og stoðarsteinninn eru einnig túlkuð sem einhverskonar stuðningsstoðir við vegg og/eða þak við suðurhlið skálans. Ekki var hægt að greina á sniðteikningum af stoðarholunum tveim við suðurhlið en líklegt er að þær ásamt stoðarsteini hafi staðið lóðréttar og þannig haldið uppi við þak skálans.

Ekki er vitað hvaða hlutverk viðbyggingin hafði en yfirleitt er talið að þau hafi verið notuð sem búr eða svefnklefi (t.d. eina og á Grelutóttum). Möguleg sáför fundust árið 2018, en voru þau mjög grunn en ekki hægt að álykta út frá þeim hvert hlutverkið var. Eldstæði virðist hafa verið um mitt gólf og fundust þar gripir líkt og silfur hringur. Þar að auki voru ekki greinilegir bekkir til þess að segja að þar hafi verið svefnpláss.

Við fjarlægingu á mislituðu torflagi [423] sem var undir gólflagi [443] í viðbyggingu komu í ljós sex gripir. Voru það nagli með varðveittum viðarleifum utan um [F#10], þrjár járn nagla bútar [F#11], tvö hnífsköft [F#12, F#13], tveir járnþúlar með óþekkt hlutverk [F#41] og mögulegir rauðir jaspis steinar [F#56].



Mynd 48. Gripur [F#10]. Nagli með varðveittum viðarleifum í situ.

Við uppgröftinn á skálanum í sumar komu í ljós 56 gripir sem tengjast hversdagslegum athæfum sem búast má við að finnast við uppgröft á miðaldabýlum. Það eru gripir sem tengjast landbúnaði (arður), sjávarútvegi (sakka), tómsundum (taflmaður), skrautgripir (perla) og svo gripir sem ekki er hægt að flokka eftir sérstöku hlutverki (brýni, hnífur).

Tafla 1. Fjöldi gripa fundnir í skála sumarið 2020. Alls fundust 56 gripir.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Bein	Bein	1
Jaspis	Steinn	4
Taflmaður	Steinn	2
Nagli	Járn	16
Hnífur/ Hnífskaft	Járn	4
Kljásteinn	Steinn	3
Pynna	Járn	1
Kola	Steinn	2
Brýni	Steinn	1
Flinta	Steinn	1
Perla	Steinn	1
Nagli + viður	Járn og viður	1
Sakka	Steinn	1
Arður	Járn	1
Óþekkt	Járn	8
Óþekkt	Steinn	8
Óþekkt	Lífrænt	1

5.2 Jarðhýsi/Smáhýsi á Auðkúlu

Margar tilgátur hafa komið á borð um hvaða tilgangi þessi hús þjónuðu. Það er vinnuaðstaða, kvennadyngjur og baðhús (sauna). Líkleg skýring fyrir þessum húsum er að þarna hafi verið búseta meðan að skálinn var í byggingu og hafði svo hlutverk hússins breyst eftir að búseta hafðist í skálanum. Rannsókn Karen Milek á jarðvegssýnum úr gólflagi úr smáhýsi á Hofstöðum bendir til að þar hafi verið stundaður vefnaður.¹⁹ Passar það einnig við að í mörgum jarðhýsum ef ekki flestum finnast einmitt kljásteinar.

¹⁹ Milek, 2012.

Flest jarðhýsin eiga það sameiginlegt að vera næstum ferkanta mannvirki grafin niður með steinalögðum ofni ýmist við vegg eða í horni byggingarinnar.²⁰ Smáhýsið á Auðkúlu er ólíkt þeim jarðhýsum sem hafa verið rannsökuð á Íslandi að því leyti að ekki var grafið niður í náttúrulegan jarðveg innan hússins. Algengt var að innanmál húsanna voru grafin á bilinu 30 cm-1,4 m niður í upprunalegt yfirborð.²¹ Líklega var ekki grafið húsið niður vegna þéttleika jökulruðningsins. Dæmi eru um að torf eða steinahellur hafa verið lagðar við skurðinn fyrir húsinu eins og fannst í Vatnsfirði, í Hvítárholti og á Ljótólfsstöðum.²²

Húsum þessum hefur verið gefið nafnið jarðhýsi en húsið á Auðkúlu er frekar hægt að kalla smáhýsi þar sem húsið er ekki grafið niður í jörðu. Síðastliðið sumar á Sandvík á Ströndum var rannsakað svipað dæmi. Þar var einnig svokallað smáhýsi sem fyllti ekki þannig séð kröfur jarðhýsis um að vera grafið niður og því líklegt um smáhýsi að ræða.²³

Í smáhýsinu fundust alls fimm stoðarholur og voru fjórar þeirra sunnan megin í húsinu. Ein var við norðurbekk og er líklegt að þar hafi verið fleiri sem voru ekki sjáanlegar eða að þar hafi verið notað stoðarsteina. Stoðarholurnar eru staðsettar upp við vegg smáhýsisins.

Gólfið í smáhýsinu var þykkast við eldstæðið og fyrir miðju sem fjaraði svo út að veggjum. Engir greinilegir bekkir voru sjáanlegir í smáhýsinu en þó má gera ályktun að þar hafi verið viðarbekkir við norður og suður vegg. Engin upphækkun var frá gólfi upp að suður og norður veggjum og voru svæðin í sömu hæð og gólfið. Ekki var hægt að greina traðkað gólflag á um 50 cm út frá norður og suður vegg en þó var þar mannvistarlag sem liggur upp að vegg sem hefur kolasmít og sót. Lag þetta var þynnra og grárara en gólfið og er því líklegt að þar hafi smitast í jarðlag á bekkjum.

Upphækkun var í norðvestur horni við norðan við eldstæðið. Þessi upphækkun getur mögulega hafa verið það sem gengið var inn í húsið og sé einhverskonar trappa eða að þarna hafi verið vinnuaðstaða eða set við eldstæðið.

²⁰ Milek, 2012, bls. 85.

²¹ Milek, 2012, bls. 94.

²² Milek, 2012, bls. 94.

²³ Munnleg heimild: Lísabet Guðmundsdóttir, 2020.

Eldstæðið eða ofinn er staðsettur í suðvestur horni og svipar til staðsetningu eldstæðis í jarðhýsi I á Grelutóttum og ofnum í fleiri jarðhýsum sem virðast hafa verið kassalaga. Þykkasti steinninn sem sést á mynd 49. var greinilega þak ofnsins þar sem hann reyndist kolsvartur á annarri hliðinni og miðað við hvernig hann hrundi saman er líklegt að hann hafi hvílt ofan á hinum tveimur. Þar hafði ofninn verið algerlega hrunninn inn líkt og á Auðkúlu og var mikið magn af eldsprungnum steinum og soðsteinum sem voru þaktir í sóti.²⁴ Sama var upp á teningnum í jarðhýsinu á Hrafnseyri þar var ofn og í kring mikið að eldsprungnum steinum. Einn steinnanna vakti athygli og er ekki vitað hvaða hlutverki hann þjónaði. Steinninn var staðsettur neðst í eldstæðinu og hafði verið brotinn í tvennt. Hann virðist hafa 3 hringi sem ekki er fullvíst um hvort að séu manngerðir en það er möguleiki. (Mynd 49).



Mynd 49. Hér sést staðsetning athyglisverða skeytta steinsins á fyrri myndinni og á seinni myndinni sjást þrír hringir skornir í steinninn.

Loftgatið í suðurvegg hafði fyllst upp með silti og torfi eftir að það var í notkun og var jarðvegurinn í því finni en í veggnum sjálfum. Hefur þetta verið til þess að koma lofti inn í eldstæðið og halda hita í kolunum.

Eldstæði með sprungunum steinum fannst rétt sunnan við smáhýsið þar er líklegt að steinarnir hafi verið hitaðir og síðan bornir heitir inn í húsið. Sambærilegt eldstæði fannst utan við jarðhýsið á Hrafnseyri.

²⁴ Guðmundur Ólafsson, 1980, bls. 43-44.

Gripirnir sem fundust í smáhýsinu eru dæmigerðir fundir sem hafa fundist í jarðhýsum sem hafa verið rannsökuð á Íslandi. Þar má nefna gripi sem er hægt að greina í tiltekin hlutverk og eru það fjórir kljástearnar, tveir í gólfi og tveir í eldstæði, skæri fundin undir hrúni utan við húsið, þrjú klébergspottsbrot, eitt í eldstæði og þrjú í gólfi, og mögulegur millusteinn fundin í eldstæði. Auk þess voru aðrir algengir gripir fundnir sem segja ekki beinlínis til um notkun hússins, svo sem naglar, flitnusteinar, brýni og lykill.

Tafla 2. Fjöldi gripa fundnir í smáhýsi sumarið 2020. Alls voru gefin 21 fundanúmer úr smáhýsinu.

Hlutverk	Efni	Fjöldi fundanúmera
Brýni	Steinn	1
Flinta	Steinn	4
Skæri	Járn	1
Klébergspottabrot	Steinn	3
Nagli	Járn	2
Millusteinn	Steinn	1
Kljásteinn	Steinn	4
Þunn hella	Steinn	1
Lykill	Járn	1
Óþekkt járn	Járn	1
Óþekkt steinn	Steinn	2

Erfitt er að segja til um hlutverk smáhýsisins út frá þeim fáu gripum sem fundust. Mikilvægt er að horfa á samhengið og er hægt að líta svo á að út frá gripunum, eldsprungnum steinum og eldstæði er líklegt að þarna inni hafi farið fram starfsemi tengt vinnu með textíl og að þar hafi verið eldað. Þess má geta að flestir nothæfir hlutir hafi verið fjarlægðir úr húsinu þegar það var yfirgefið og því einungis gripir fundir sem hafa týnst eða ekki not fyrir lengur.

Staðsetning smáhýsisins á Auðkúlu er á svipuðum stað og jarðhýsi I á Grelutóttum, nema að þau speglast. Á Grelutóttum er jarðhýsið suðaustan samhliða skálanum og austan við innganginn og á Auðkúlu er smáhýsið staðsett suðvestan samhliða skálanum vestan við inngang inn í skálann. Húsin er lík að því leyti að þau hafa ofn í horni hússins, annað en það eru þó heldur ólík. Það er að engir torfveggir voru sjáanlegir á Grelutóttum ofan yfirborðs og að húsið var grafið niður um 1,2 m eins og á Hrafnseyri.

Ekki er hægt að segja til um hvort þetta hafi verið hús sem var nýtt áður eða á meðan skálin var í byggingu. Öðruvísi torf var notað í vegg skálans en í vegg smáhýsis sem getur vísað til að húsin voru byggð á mismunandi tímum og að torf hafi verið tekið á mismunandi stöðum. Hlutverk hússins út frá gripum segja til um að húsið hafi verið notað sem eldunaraðstaða og/eða vinnuaðstaða með textíl, en engar pinnaholur fundust svo erfitt er að segja til um hvort þar hafi verið vefstaður. Sýni var tekið úr gólfi sem á eftir að fara í greiningu og með greiningu á því sýni er vonandi hægt að komast að frekari notkun hússins.

5.3 Hrafnseyri

Út frá borkjörnum og þessum könnunarskurðum má telja nær fullvíst að undir Bælisbrekku sé skáli og virðist hann mjög stór. Passar það vel við staðsetningu á öskuhaug sem og smáhýsi. Jarðvegsdúkur var settur yfir skurðina og þeim lokað með torfinu sem upp var tekið. Er skálinn verðugt rannsóknar efni.



Mynd 50. Fyrri myndin sýnir skurðina og seinni sýnir staðsetningu öskuhaugs og smáhýsis og hvernig skálinn liggur og líkleg stærð hans og afstaða.

6. Lokaorð

Rannsóknin Arnarfjörður á miðöldum hefur þróast á þeim árum frá því að rannsóknin hófst árið 2011. Rannsóknin hefur einskorðast að mestu við tvær jarðir, Hrafnseyri og Auðkúlu og í sumar var rannsóknarsvæðið stækkað og voru minjar skráðar með flygildi sem leiddu í ljós að í Arnarfirði hefur verið ansi þétt búseta til forna.

Á Auðkúlu er einstök minjaheild sem samanstendur af stórum skála, járnvinnslusvæði, kolagröfum, rauðageymsluhúsum, kirkjugarði, bænhúsi, smáhýsi, stórri smiðju, túngarði og öskuhaug. Auk þessara minja er mjög líklegt að fleiri minjar sé að finna á þessu svæði. Með frekari rannsóknum á þeim húsum sem hafa ekki verið grafin upp er hægt að varpa ljósi á heildstætt býli og þá starfsemi sem fór fram þar.

Með könnunarskurðum sem voru grafnir í túninu á Hrafnseyri var staðfest býli undir Bælisbrekkunni þar sem vísbendingar voru fundnar með borkjarnarannsókn árið 2019. Þar kom í ljós gólflag og veggir sem tengjast líklegum skála.

Þetta bendir til þess að mjög snemma, jafnvel á landnámsöld var Arnarfjörður orðinn þéttbyggður og á þremur bæjunum er staðfest að farið hafi farið fram járnvinnsla. Að geta rannsakað svo heildstætt minjaumhverfi mun auka skilning okkar á þróun landnáms á Vestfjörðum og landinu öllu og er mikilvægt að halda þessum rannsóknum áfram.

Í tengsl við verkefni Gunnars með flygildum er fyrirhugað að sækja um leyfi til að gera borkjararannsókn á völdum stöðum í Arnarfirði og staðfesta eðli nýfundinna minja og áður óþekkra býla.

Við lok uppgrftar var komið torfi fyrir á veggjum skálans og voru stoðarholur og sáför fyllt með jarðveg og steinum svo að skálinn gæti verið til sýnis fyrir ábúendur og ferðamenn á staðnum.



Mynd 51. Hér er skálinn og smáhýsið lokað með torfi og plast sett svo yfir til að mynda gróðurhúsarhrif til að grasið taki við sér.


7. Heimildaskrá

- Byock, J, Walker, P.L. and Davide Zori, D. 2008. *The Mosfell Archaeological Project. Preliminary Report 2008 Field season.*
- Ejstrud, B., Goddixsen, P., Henry, S., Persson, C., Tomasi, D. og Thomsen, A. 2014. *Halls, Houses and Huts. Buildings at Ribe Viking Centre.* Ritstýrt af Bo Ejstrud. Matitime Archaeology Programme; University of Southern Denmark.
- Guðmundur Ólafsson. 1980. Grelutóttir: landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð, *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1979, 25–73.
- Håkon Christie (1976). *Middeladeren bygger i tre.* Universitets-forlaget. Oslo-Bergen-Tromsø.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2018. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2017.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 21-18.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2019. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2019.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 20-19.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2016. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2015.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 03-16.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2017. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2016.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 01-17.
- Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. 2019. *Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2018.* Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 12-19.
- Milek, K (2006) *Houses and Households in Early Icelandic Society: Geoarchaeology and the Interpretation of Social Space.* Unpublished Doctoral Dissertation, University of Cambridge.
- Milek, K. 2012. Pit Houses and Gendered Spaces in Iceland. *Medieval Archaeology*, 52, 35-130.
- Sigríður Sigurðardóttir. 2011. *Gamlir Byggingahættir.* Smárit Byggðasafns Skagfirðinga XIV.


8. Sýnishorn af gripum sem fundust sumarið 2020



Mynd 52. Brýni [F#16] fundið í hruni út frá vegg [434] í skála



Mynd 53. Perla úr steini [F#47] fundin í fyllingu í stoðarholu [596] í skála.



Mynd 54. Taflmaður úr steini [F#9] fundinn í erfa setlagi [425] á norður bekk.



Mynd 55. Járn nagli [F#53] fundinn í svörtu lagi [550] á norður bekk.



Mynd 56. Sakka úr steini [F#28] fundinn í svörtu lagi [550] á norður bekk.



Mynd 57. Arður [F#39] fundinn í svörtu lagi [550] á norður bekk.



Mynd 58. Klébergspottsbrot [F#6] fundið í gólfi [709] í smáhýsi.



Mynd 59. Kljásteyn [F#13] fundinn í gólfi [709] í smáhýsi.



Mynd 6o. Ískorinn steinn með svörtu í miðju [F#14] (möguleg kola?) fundinn í eldstæði [7o7].



Mynd 61. Kljásteinn [F#18] fundinn í eldstæði [7o7].



Mynd 62. Flöthella úr sérkennilegum steini [F#19] fundin í smáhýsi.



Mynd 63. Brýni fundið í skurði B á Hrafnseyri.



Mynd 64. Hnífskaft fundið í skurði B á Hrafnseyri

9. Skrár

9.1 Jarðlagaskrá (Contextskrá) Skáli 2017-2020

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
401	Yfirborðslag	2017	MHH	Dökk brúnt yfirborðslag. Nær yfir allt uppgraftarsvæði D. Þétt og rótarmikið. Í yfirborðslaginu innan skálans fundust gjall, nagli og hvítur steinn. Utan skálans virtist vera frekar sterílt kolasmít á stöku stað.	Dark brown surface layer over the whole area. Compact with many roots. Slag was found in the layer as well as nail and a white stone. Charcoal fragments found in some places.
402	Blandaður jarðvegur	2017	MHH	Dökkgrábrúnt mjúkt lífrænt jarðlag með mikið af rótum og kolasmíti. Hugsanlega myndast vegna foks frá járnvinnslusvæðinu. Lagið var misþykkt en var þykkara í dældum	Dark greyish brown soft organic layer with much rooting and charcoal flecks. Possible windblown material from the iron smelting site.
403	Torfveggur (N)	2017	MHH	Þétt dökkbrúnt og fjólublátt kolasmítað torf með ljósu sendnu lífrænu í. Mögulega það sama og [423].	North turf wall. Compact dark brown and purple turf wall with charcoal flecks. Possibly the same as [423]
404	Eldstæði	2017	MHH	Svæðið sem opnað var, er 5 metrar í breidd. Svo virðist sem eldstæðið sé lengra en fimm metrar. Það er með nokkrum sléttum hellum sem eru mjög eldsprungnar. Athyglisvert er hvað lítið var af kolum í	Hearth in the longhouse. Contains smooth stone slabs that are fire cracked. Interesting how little of charcoal was found within the hearth. Possible charcoal

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				eldstæðinu. Mögulega mun koma fram feluhola í vestur enda.	storing pit will be found in the west end.
405	Gólflag	2017	MHH	Kolsvart lag beggja vegna eldstæðis og nær að bekkjum. Brennd bein, undarlega mikið af grjóti í gólfi sem hefur gert gólfið slæmt. Frekar feitt lag, en þunnt alveg við bekk (suður) var náttúrulegt lag, mögulega hefur verið timbur þar.	Floor layer in the longhouse. Floor is both sides of the fireplace. Lots of burnt bones and stones. The floor is greasy and thickest in the middle and then fades out to the walls.
406	Torfveggur (S)	2017	MHH	Þétt dökkbrúnfjólublátt og appelsínugult leirkennt torflag. Torflagið myndar suður vegg skálans. Í því er töluvert af grjóti [408] og [409] ásamt ytri steinaröð til suðurs af torfi. Það virðist vera eitthvað raskað, annars er [408] og [409] frekar eins og hrun heldur hluti af sjálfum veggnum. Veggurinn er 2 m þar sem hann er breiðastur, annars um 1.8 m að jafnaði, en 5 m á lengd eins og uppgraftarsvæðið nær til.	Southern turf wall. Compact dark brownish purple with orange patches. Stones line the wall on the outside. Stone circles [408] and [409] are on top of the wall and may be some sort of collapse. The wall is most 2 m wide.
407	Stoðarhola	2017	MHH	Stoðarhola austan við stoðarholu [410] með kolamolum í.	Posthole east of posthole [410] containing charcoal fragments.
408	Steinhrun	2017	MHH	Steinhrúga/ hrun austari.	Stone pile/ collapse east.
409	Steinhrun	2017	MHH	Steinhrúga/ hrun vestari.	Stone pile/ collapse west.

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
410	Stoðarhola	2017	MHH	Stoðarhola vestan við stoðarholu [407]	Posthole west of posthole [407]
411	Stoðarhola	2017	MHH	Grunn stoðarhola austan við stoðarholu [407]. Stoðarholan inniheldur misstóra steina.	Shallow posthole east of posthole [407]. Posthole contains packing stones.
412	Stoðarhola	2017	MHH	Nokkuð hringlaga/ ílöng stoðarhola stungin í gegnum þunnt torflag niður í möl. Stoðarholan er með greinilegar og lóðréttar hliðar og sléttan botn. Stoðarholan er 0,35 x 0,25 m og 0,09 m djúp.	Semi-circular/ oblong posthole cut into thin turf layer down to gravel. The posthole has near vertical sides and a flat base. Size- 0,35 x 0,25 x 0,09 m.
413	Stoðarhola	2017	MHH	Hringlaga stoðarhola greinilega skorin í gegnum torf niður í möl með aflíðandi hliðum og sléttum botn. Stoðarholan er 0,40 x 0,40 m og 0,12 m djúp.	Circular posthole cut into turf down to gravel. Has sloping sides and flat base. Size- 0,40 x 0,40 x 0,12 m.
414	Torf	2017	MHH	Þétt milli brúnt sendið torflag með smáum kolar molum. Þykkt einsleitt torflag með nagla og stein. Gæti verið hluti af hruni frá vegg og seti.	Compact thick midbrown sandy turf layer with charcoal fragments. Contained a nail and a stone. Could be part of collapse from wall and bench.
415	Torf	2017	MHH	Þétt ljós- milli brúnt sendið torflag með örlítið af kolum. Jarðlag [415] er staðsett norður af grjóti [408] og austur af samskonar lagi [414]. Á vissum stöðum virðist þetta vera þykkt sendið torf en mjög blandað en ekki einsleitt.	Compact light to midbrown turf with few charcoal flecks. The layer is located north of stone pile [408] and east of similar layer [414]. Layer lies up against and in

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				Sérstaklega þétt og sendið í norðurhluta í átt að gólfi skálans. Lagið er samtíða [414] í vesturenda. Liggur þétt upp við (og ofan á að hluta) dökka og appelsínugula torfinu sem er torfveggur skálans [406].	some places a little bit over the dark orange southern wall layer [406]
416	Fylling	2017	MHH	Fylling í stoðarholu [413]. Frekar laus dökk rauðbrúnn sendin möl. Efst í fyllingunni voru steinar u.þ.b. 5 x 3 cm í bland við möl. Við austur enda var aðeins moldarblanda, gæti mögulega verið úr könnunarskurðinum	Fill of posthole [413]. Loose dark reddish-brown sandy gravel. The top of the fill contained possible packing stones.
417	Fylling	2017	MHH	Fylling í stoðarholu [412]. Frekar laus dökk rauðbrún sendin möl. Fyllingin er u.þ.b. 0,25 x 0,35 m og 0,09 m djúp.	Fill of posthole [412]. Loose dark reddish-brown sandy gravel. Size- 0,35 x 0,25 x 0,09 m.
418	Fylling	2017	MHH	Fylling í stoðarholu [407] með perlu í.	Fill of posthole [407] containing a bead
419	Kolalag	2017	MHH	Kolalag um stoðarholu [407] - ógrafið.	Charcoal layer around posthole [407]-unexcavated
420	Fylling	2017	MHH	Fylling í stoðarholu [410]	Fill of posthole [410]
421	Stoðarhola	2017	MHH	Lítill stoðarhola við mögulegt op í annað rými. Stoðarholan er með dökkan hring við endana og milli brúna fyllingu.	Small posthole located at a possible entrance into annex. Posthole had a dark circle at the edges and a midbrown fill.

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
422	Fylling	2017	MHH	Fylling í stoðarholu [421]. Stoðarholan er með dökkan hring við endana og milli brúna fyllingu i miðjunni.	Fill of posthole [421]. Posthole had a dark circles at the edges and a midbrown fill.
423	Torf	2017	MHH	Þétt dökkbrúnt sendið torflag með ljósum flekkjum og kolasmíti. Mögulega það sama og [403]. Líklega áframhaldandi veggur af [403] til vesturs við op inn í mögulegt annað rými af skálanum.	Compact dark brown sandy turf with light patches and charcoal flecks. Possibly the same as turf wall [403] to the west of opening into the annex.
424	Torf	2017	MHH	Þétt ljósbrúnt sendið torflag. Ljós torfbunki ofan á lagi [425], líklega hluti af hrúni yfir seti. Járn gripur var í laginu.	Compact light brown sandy turf. Light turf on top of layer [425], possibly part of collapse over the benches. Iron object found in layer.
425	Torf	2017	MHH	Þétt milli brúnt kolasmítað sendið torflag með ljósum flekkjum. Mögulegt set í norðurhluta skála. Hrun af vegg liggur yfir laginu. Vax, gjall og járn fannst í laginu.	Compact midbrown sandy turf with light patches and charcoal flecks. Possible bench in the northern end of longhouse. Collapse from the wall lies over the layer. Wax, slag and iron object found in the layer.
426	Torf	2017	MHH	Þétt grá brúnt/svart öskulag með kolamolum. Torflagið var kolasmítað á rönd upp af gólfi og upp að seti [425] og	Compact grey/black ash layer with charcoal. Turf layer was charcoal rich on

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				stoðarholum [412] og [413]. Gólflag [405] liggur undir þessu torflagi. Getur mögulega verið ysta brún á seti þar sem gólf liggur að eða að því hafi verið bætt við eftir á, eða það hafi veið hluti af seti fyrir framan stoðarholurnar.	the edges of the floor and bench and around postholes [412] and [413]. The floor is over this deposit and could possibly be the outer edge of the floor layer or this layer added on.
427	Eldstæði	2017	MHH	Lítið kringlótt eldstæði sem er staðsett á syðri bekk. Allt í kringum eldstæðið er svört aska. Eldstæðið er 65 cm á breidd í austur til vesturs og 85 cm á breidd í norður-suður. Í eldstæðinu fannst kljásteyn og rétt við eldstæðið var heill snældusnúður. Eldstæðið var fullt af kolum, brenndum beinum og neðst var sléttur steinn. Eldstæðið var greinilega notað til eldunar.	Small circular fireplace located on the southern bench. Black ash surrounds the fireplace. Length 0,85 m, width 0,65 m. A loom weight and a spindle whirl was found in the fireplace. Fireplace contained charcoal, burnt bones and at the bottom was a smooth stone. Clearly used for cooking.
428	Fylling	2017	MHH	Fylling í eldstæði á bekk. Fyllingin var laus svartur sandur með kolum og brenndum beinum. Eldstæðið var fullt af brenndum kolum með beinum í og var greinilega notað til matreiðslu. Athyglisvert að það var staðsett í setinu. Fyllingin var 0,40 x 0,40 m og 0,20 cm á þykkt	Fill of fireplace. Loose black sand with lots of charcoal and burnt bones clearly used for cooking. Size- 0,40 x 0,40 x 0,20 m.

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
429	Set	2017	MHH	Set í suður enda skálans. Millibrúnt þétt torf með svartri tinnu í setinu.	Bench in the southern end of the longhouse. Midbrown compact turf contained a black flint.
430	Torf	2017	MHH	Kolablandað brúnt torflag við stoðarholu [421]	Charcoal rich brown turf layer around posthole [421]
431	Torf	2017	MHH	Sendið torflag með kola smiti undir [430].	Sandy turf layer containing charcoal under [430]
432	Brunalag	2017	MHH	Brunalag frá eldstæði [432] er í vesturenda og gengur undir óopnað svæði.	Burnt layer from fireplace [432] to the west and goes under limit of excavation.
433	Torf	2017	MHH	Þétt blandað siltað og sendið brúnt torflag með grasrætur. Torflagið var yfir öllum norðurveggnum út að brún í norðri. Í þessu lagi komu fram stór perla og tinnusteinn. Torflagið er nokkuð þykkt.	Compact mixed silty and sandy turf with rooting. Layer lies over the north side. A large bead and flint found in layer. Rather thick layer.
434	Hrun	2017	MHH	Hrun úr veggjum skálans. Var að finna alstaðar í skálanum.	Collapse over the whole longhouse
435	Stoðarhola	2017	MHH	Hringlaga steinpökkuð stoðarhola í halla niður af gólfi. Með íhvolfdar hliðar en erfitt var að sjá í botninn vegna steina. Stoðarholan er á mörkum gólfs og bekks. Stoðarholan fannst þegar verið var að fjarlægja gólflög. Er í línu með öðrum	Circular posthole with packing stones at the edge of floor and bench. Posthole had concaved sides and difficult to see base shape because of packing stones.

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				mögulegum stoðarholum í suðurenda skálans.	Posthole located at the edge of floor and bench. Is in line with other postholes in the southern end.
436	Fylling	2017	MHH	Þétt svart kolalag yfir steinum í stoðarholu. Fyllingin var svört eins og gólflag [405] og því erfitt að greina á milli gólflags og fyllingar. með tinnubroti og nagla í.	Fill of posthole. Black charcoal rich layer over stones in posthole. Fill is black like the floor layer. Contained flint and a nail.
437	Stoðarhola	2017	MHH	Hringlaga steinpökkuð stoðarhola á mörkum gólfs og bekks við vesturenda langeldsins. Stoðarholan er undir/ fyrir neðan mögulega stoðarholu [410]. Stoðarholan er steinpökkuð á öllum hliðum en sumt hrunið úr.	Circular posthole with packing stones at the edge of the floor and bench to the west of the hearth. Posthole is under possible posthole [410].
438	Fylling	2017	MHH	Þétt svart sendið kolalag með smáum og stórum steinum. Erfitt er að greina á milli gólflags og fyllingu. Stoðarholan fannst við fjarlægingu gólflags [405].	Fill of posthole. Compact black sandy charcoal layer with small and large packing stones. Similar to floor layer. Found while removing the floor layer.
439	Torf	15.8.2018	KSR	Þétt millibrúnt torflag með ljósum skellum vestan við vestur vegg í bakhúsi skála, þéttast næst vegg og nær allt að metir út frá hruni úr vegg bakhússins. Lagið er ofan á náttúrulegum	Compact mid brown turf layer with lighter patches to the west of the western wall of the annex. Thickest closest to the wall and

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				jarðveg. Svipað og (423).	reaches a meter out from the collapse from the wall. Layer is on top of natural. Similar to (423)
440	Torfveggur	15.8.2018	RÞ	Torfveggir í bakhúsi við norður enda skálans. Þrjár hliðar og opið inn í skála þar sem flatur hellusteinn er. Torfið er dökkfjólublátt með appelsínugulum skellum. Veggirnir hafa flatast mikið út, sum staðar mjög þunnt og hornin þykkust.	Turf wall of annex to the north of the longhouse. Three sides and open into the longhouse where a stone slab is. The turf is dark purple with orangey patches. The walls have flattened out and are very thin in areas with the corners thickest.
441	Stétt	15.8.2018	KF	Hellulögð stétt með stórum flötum steinum við vestur inngang skálans. Hellurnar eru ekki eins þykkar og hellurnar við suður inngang. Mögulegt ræsi er við hellurnar.	Stone lined walkway with large stone slabs at the western entrance of the longhouse. The stone slabs are not as thick as the stone slabs at the southern entrance. Possible gully/drain is next to the stone slabs.
442	Stétt	15.8.2018	MH	Stétt við suðaustur inngang skálans. Mjög stórar og þykkar hellur sem liggja framan við skála og alveg inn. Uppréttir steinar eru þar sem hurð hefur verið. Þynnri og minni hellur eru fjær	Stone lined walkway with large stone slabs at the western entrance of the longhouse. The stone slabs are not as thick as the stone slabs at

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				inngangi. Svart gólflag byrjar inni í skála og á eftir hellum. Við miðja stétt er eins og vanti stein eða möguleg stoðarhola.	the southern entrance. Possible gully/drain are next to the stone slabs.
443	Gólf	16.8.2018	MH	Gólf í bakhúsi. Svart mishæðótt lag í miðju bakhúsi. Sterkar líkur á að eldstæði gæti hafa verið staðsett. Hringur, nagli og járn fundust í þessu lagi.	Floor layer in annex. Black layer in the middle of the annex where a possible fireplace was located. Ring, nail, and an iron object were found in this layer.
444	Jarðlag	20.8.2018	SOA	Þétt svart sendið jarðlag suðaustan við vegg skálans með mikið af kolum. Jarðlagið er einnig á milli steinahellna við suðaustur inngang skálans. Jarðlagið er þéttast við inngang skálans og fjarar út utan skálans. Mögulegt fok eða frá eldstæði.	Compact black sandy silt layer with charcoal, SE of the walls of the longhouse. The layer is also between the stone slabs at the south-eastern entrance. The layer is thickest closest to the entrance and then fades out further away from the longhouse. Possibly wind carried material from a burned area (446).
445	Niðurgröftur í gólfi	21.8.2018	MBM	Rúnað og aflíðandi niðurgröftur í gólfi sem gólfið fellur ofan í. Niðurgröfturinn er sunnan megin innan í skála nálægt vegg (406). Hnífur með	Round and sloping cut in floor that floor layer falls in. The cut is in the south end inside the longhouse

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
				viðarskafti F#48 var ofarlega í laginu.	close to wall (406). Knife with a wooden handle F#48 was in the top of the layer.
446	Kolalag	22.8.2018	JB	Þétt svart sendið lag með kolum í. Mögulegt yfirborðslag utan við skála til austurs.	Compact black sandy silt layer with charcoal. Possible surface outside of longhouse to the east.
447	Kolalag	23.8.2018	KF	Svart og mjög grýtt kolalag utan við skála til norðausturs. Kolalagið innihélt kol og brennd bein. Líklega yngra en skálinn, er ofan á hrúni úr veggjum. Mögulega einhver starfsemi s.s. járn eða kolavinnsla hefur átt sér stað eftir að skálinn varð rúst. Fer ekki yfir vegg heldur að þeim.	Black and very gravelly charcoal layer outside of the longhouse to the north. The charcoal layer contained charcoal and burnt bones. Possibly younger than the longhouse, is on top of the collapse from the wall. Possibly some kind of activity going on there such as iron smelting or charcoal making after the use of the longhouse. Does not go on top of the walls but abutting them.
448	Torf	24.8.2018	JB	Þétt appelsínugult og fjólublátt sendið torflag með smáum steinum. Mögulegt hrún úr norðaustur vegg skálans. Bein var í torflaginu.	Compact orangey and purple sandy silt layer with small stones. Possible collapse from the north-eastern wall of the longhouse.

Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing	Lýsing á ensku
					Bone was found in this layer.
449	Torf	24.8.2018	KSR	Dílótt ljósbrúnt torflag yfir mögulegu seti eða hrúni úr norður vegg innan skálans. Þunnt lag undir yfirborðslagi í austurhluta uppgraftarsvæðis.	Mottled light brown turf over possible bench. Thin layer under mixed turf/topsoil. Inside the longhouse north wall at east end.
148	2996	V	JB	16/8/2020	Stoðarhola [569] eftir uppgröft
149	2997	V	JB	17/8/2020	Stoðarhola [567] eftir uppgröft
150	2998	S	JB	17/8/2020	Stoðarhola [565] eftir uppgröft
151	2999	V	KF	17/8/2020	Snið af lagi (582) snýr í suður
152	3000	V	KF	17/8/2020	Snið af lagi (582) snýr í vestur
153	3001	S	KF	17/8/2020	Snið af lagi (582) snýr í vestur
154	3002	S	KF	17/8/2020	Snið af lagi (582) snýr í suður
155	3003	S	KF	17/8/2020	Staðsetning (582)
156	3004	S	KF	17/8/2020	Lag (582) eftir uppgröft
157	3005	S	KF	17/8/2020	Lag (582) eftir uppgröft
158	3006	S	KF	17/8/2020	Lag (582) eftir uppgröft
159	3007	S	JMG	17/8/2020	Stoðarhola [583] í plani
160	3008	S	JMG	17/8/2020	Snið af stoðarholu [583] snýr í norður
161	3009	S	JMG	17/8/2020	Staðsetning stoðarholu [583]
162	3010	A	JMG	17/8/2020	Stoðarhola [585] í plani
163	3011	A	JMG	17/8/2020	Snið af stoðarholu [585] snýr í vestur
164	3012	A	JMG	17/8/2020	Staðsetning stoðarholu [585]
165	3013	A	JMG	17/8/2020	Stoðarhola [587] í plani
166	3014	A	JMG	17/8/2020	Snið af stoðarholu [587] snýr í vestur
167	3015	A	JMG	17/8/2020	Staðsetning stoðarholu [587]
168	3016	SV	JMG	17/8/2020	Stoðarhola [589] í plani
169	3017	NA	JMG	17/8/2020	Snið af stoðarholu [589] snýr í suðvestur, mid-ex
170	3018	NA	JMG	17/8/2020	Staðsetning stoðarholu [589]
171	3019	V	JMG	17/8/2020	Stoðarhola [591] í plani
172	3020	V	JMG	17/8/2020	Snið af stoðarholu [591] snýr í austur
173	3021	V	JMG	17/8/2020	Staðsetning stoðarholu [591]
174	3022	N	JMG	17/8/2020	Stoðarhola [593] í plani
175	3023	V	JMG	17/8/2020	Snið af stoðarholu [593] snýr í suður, mid ex
176	3024	N	JMG	17/8/2020	Staðsetning stoðarholu [593]

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
177	3025	S	JMG	17/8/2020	Stoðarhola [595] í plani, mid ex
178	3026	S	JMG	17/8/2020	Snið af stoðarholu [595] snýr í norður, mid ex
179	3027	S	JMG	17/8/2020	Staðsetning stoðarholu [595]
180	3028	NV	JMG	17/8/2020	Stoðarhola [597] í plani, mid-ex
181	3029	NV	JMG	17/8/2020	Snið af stoðarholu [597] snýr í suðaustur, mid ex
182	3030	SA	JMG	17/8/2020	Staðsetning stoðarholu [597]
183	3031	S	GG	18/8/2020	Snið af stoðarholu [599] snýr í norðvestur
184	3032	S	GG	18/8/2020	Stoðarhola [599] í plani
185	3033	S	GG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601]
186	3034	V	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601]
187	3035	V	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601]
188	3036	V	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601]
189	3037	V	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601]
190	3038	V	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601]
191	3039	V	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601]
192	3040	A	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601]
193	3041	S	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í norður [601]
194	3042	V	JMG	18/8/2020	Staðsetning pinnaholna, snúandi í austur [601] án mælistika
195	3043	S	JMG	18/8/2020	Nærmynd af pinnaholum við stoðarholu [595]
196	3044	S	JMG	18/8/2020	Nærmynd af pinnaholum við stoðarholu [593]
197	3045	S	JMG	18/8/2020	Nærmynd af pinnaholum við stoðarholu [591]

Nr.	Mynd nr.	Stefna	Skrásetjari	Dagsetning	Lýsing
198	3046	S	JMG	18/8/2020	Nærmynd af pinnaholum við stoðarholu [591]
199	3047	S	JMG	18/8/2020	Nærmynd af pinnaholum við stoðarholu [589]
200	3048	A	JMG	18/8/2020	Pinnaholur án mælistiku, snúandi vestur
201	3049	V	KSR	18/8/2020	Pinnaholur við stoðarholu [599]
202	3050	S	KSR	18/8/2020	Pinnaholur við stoðarholu [599]
203	3051	N	K	18/8/2020	Renna [602] í norður bekk
204	3052	N	KSR	18/8/2020	Renna [602] í norður bekk

9.12 Sýnaskrá 2017

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Lýsing
1	-	Skel	16.8.2017	Skeljaleifar
2	404	Sýni úr eldstæði	16.8.2017	Sýni tekið nálægt austurenda eldstæðis í skála, alveg upp við brún á skurðinum
3	404	Sýni úr eldstæði	16.8.2017	Sýni tekið nálægt vesturenda eldstæðis í skála í suðaustur horni stóru sprungnu steinanna
4	Svæði B	Kol	16.8.2017	Kolasýni frá svæði B. Tekið til aldursgreiningar
5	-	Tönn	16.8.2017	4 x brot af glerungi af tönn, mögulega úr sauðfé
6	405	Kol	16.8.2017	Sýni úr gólfi í miðjum skála

9.13 Sýnaskrá 2018

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	502	Bein	2.8.2018	SOA	Brennd bein úr öskuhaug í ýmsu ástandi. Hvítbrennd.
2	502	Bein	2.8.2018	SOA	Óskilgreinanleg bein úr öskuhaug sem ekki er búið að greina. Mestuleiti flísar af minni gerð. Óbrennd. Flest spendýrabein.
3	502	Bein	1.8.2018	SOA	Bein úr öskuhaug, brot úr langbeinum spendýra.
4	502	Bein	2.8.2018	SOA	Fiskibein úr öskuhaug. Ekki greind til tegunda.

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
5	502	Bein	1.8.2018	SOA	Fuglahauskúpa, ágætlega vel varðveitt. Vantar neðri kjálka. 9 cm löng í heild. Goggur 5 cm. Svartfugl, hugsanlega langvía.
6	502	Bein	1.8.2018	SOA	Poki af blönduðum fuglabeinum. Ekki greind til tegunda. Ýmsar gerðir beina.
7	502	Bein	1.8.2018	SOA	Tveir sauðaleggir eða hugsanlega geit. Frekar illa varðveittir. Yfirborð beina er niðurbrotið og beinaendar illa varðveittir.
8	502	Bein	2.8.2018	SOA	Dýrabein, tvö tibia bein. Brot úr proximal enda beina. Brotin eru úr sitthvoru beininu. Líklega úr stærri spendýri en kind - nautgripur eða hestur. Misvarðveitt.
9	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Lærleggur. Brot úr proximal enda beins (9 cm langt). Líklega úr dýri í stærðarflokki nautgrips eða hests. Vel varðveitt beinyfirborð.
10	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Rifbein og brot úr rifbeinum. Sex stykki. Líklega öll úr spendýrum. Flest vel varðveitt. Hugsanlega ummerki um slátrun.
11	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Brot úr hryggjaliðum af ýmsum stærðum og gerðum. Mis vel varðveitt. Líklega öll úr spendýrum. Sjö stykki.
12	502	Bein	2.8.2018	SOA	Dýrabein. Tvö brot. Hugsanlega brot úr hryggjaliðum spendýra í stærðarflokki nautgripa og hesta.
13	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Átta stykki. Líklega brot úr hauskúpum spendýra.
14	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Tvö herðablöð. Illa varðveitt. Í stærðar flokki á við kind/geit. Vantar bæði distal og proximal enda beina.
15	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Hugsanlega brot úr spjaldbeini. Ekki greint til tegunda. Beinyfirborð vel varðveitt, hugsanlegt ummerki um slátrun.
16	502	Bein	2.8.2018	SOA	Selbein. Framhreyfi. Beinendi ekki gróinn. Epiphysis brenndur en ekki langbeinið sjálf. Hugsanleg merki um slátrun. Flatt, eðlisþungt bein, hrjúft yfirborð.

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
17	502	Bein	2.8.2018	SOA	Selbein. Herðablað, 7 cm á lengd. Proximal endi beins illa farinn/brotinn af. Lag herðablaðs eins og dæmigert er með landselinn, en heldur lítið. Gæti verið ungur einstaklingur.
18	502	Bein	2.8.2018	SOA	Selbein. Ulna. Brotnir báðir endar beins, en lag minnir mest á sel-ulna. Auk þess er beinið útflatt líkt og er með sjávar spendýr.
19	502	Bein	1.8.2018	SOA	Hugsanlega ulna úr sel líkt og #18, en er minna brot úr beini og verr farið. Þó mjög líkt sel-ulna.
20	502	Bein	2.8.2018	SOA	Dýrabein. Þrjú stykki heilleg bein. Hugsanlega bein úr spendýrum.
21	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Metapodial, distal endi, ógróið epiphysis og eitt phalanges bein. Bæði beinin eru með hrjúft yfirborð. Hugsanlega ungur einstaklingur. Möguleg ummerki um slátrun á phalanges beini.
22	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. 13 stykki. Phalanges bein. Sum eru með ógróna beinenda. Mörg með hrjúft yfirborð. Líklega fæst úr sama einstakling.
23	502	Bein	1.8.2018	SOA	Dýrabein. Fjögur stykki. Ógrónir beinendar. Tveir líklega af proximal enda lærleggs eða upphandleggs. Annar ber hugsanleg merki um slátrun. Líklega ekki úr sama einstakling.
24	502	Bein	2.8.2018	SOA	Tvö bein úr kjálkabeini úr dýri í stærðarflokki geitar/kindar. Ekki úr sama einstakling.
25	502	Bein	1.8.2018	SOA	Hægri efri kjálki úr kind/geit með 5 tennur. 11 aðrar tennur og tannbrot af sömu gerð/stærð. Líklega ekki öll úr sama einstakling.
26	502	Bein	2.8.2018	SOA	Fjórar tennur, 2 jaxlar og 2 framtennur í nautgripa/hestastærð. Óþekkt hvort þær séu úr sama einstakling eða endilega sömu tegund.
27	502	Bein	2.8.2018	SOA	Ein tönn, líklega framleggur jaxl úr nautgrip.
28	502	Bein	1.8.2018	SOA	Tvær tennur, líklega úr svíni. Einn jaxl og ein framtönn.

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
29	502	Bein	2.8.2018	SOA	Tvö rifbein úr stærri spendýri af nautgripastærð með mjög greinileg ummerki slátrunar.
30	401	Bein	2.8.2018	SOA	Herðablað úr kind/geit. Spjaldendinn er brotinn. Fannst í yfirborðslagi á svæði D, gæti líklega verið úr yngri en skálinn sjálfur.
31	502	Kol	1.8.2018	SOA	Kolasýni tekið úr öskuhaug.
32	502	Skel	2.8.2018	SOA	Skeljasýni tekið úr öskuhaug.
33	440	Bein	15.8.2018	SOA	Bein, mögulega hvalbein. Var í bakhúsi í austurvegg nálægt enda á mörkum veggjar og gólfs.
34	502	Steinn	24.8.2018	SOA	Steinar. Glerhallur. Fimm stykki úr öskuhaug.
35	502	Kol	24.8.2018	SOA	Kol úr öskuhaug, úr sigti.
36	502	Bein	24.8.2018	SOA	Brennd bein úr öskuhaug, úr sigti.
37	502	Bein	24.8.2018	SOA	Dýrabein úr öskuhaug, spendýra, óflokkað.
38	502	Fræ	27.8.2018	SOA	Fræ úr öskuhaug, koluð úr sigti.
39	502	Bein	24.8.2018	SOA	Dýrabein úr öskuhaug, óflokkuð, úr sigti.
40	502	Bein	24.8.2018	SOA	Fiskibein úr öskuhaug. Úr sigti.
41	502	Bein	24.8.2018	SOA	Tennur úr öskuhaug, óflokkað. Önnur úr rándýri. Úr sigti.
42	502	Bein	29.8.2018	SOA	Tennur úr öskuhaug. Úr rándýri, litlar. Ekki fullkomnar upp. Með kjálkabroti.
43	502	Bein	31.8.2018	SOA	Bein úr öskuhaug. Óflokkuð. Úr sigti.
44	502	Bein	31.8.2018	SOA	Brennd bein úr öskuhaug. Óflokkuð. Úr sigti.
45	502	Bein	31.8.2018	SOA	Tennur úr öskuhaug. Óflokkað. Úr sigti.
46	502	Bein	31.8.2018	SOA	Fiskibein úr öskuhaug, nokkur brennd. Úr sigti.
47	502	Skel	31.8.2018	SOA	Skeljar úr öskuhaug. Úr sigti.
48	502	Kol	31.8.2018	SOA	Kol úr öskuhaug. Úr sigti.
49	502	Steinn	31.8.2018	SOA	Athugaverðir steinar úr öskuhaug. Glerhallur úr sigti.
50	403	Bein	23.8.2018	KSR	Tvær dýratennur. Mögulega úr nautgrip eða hesti. Óbrennt.

9.14 Sýnaskrá 2019

Sýnanr	Context	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
1	405	Tönn	29/7/2019	MH	Tönn úr gólfi við suðurhlið skálans við vegg
2	429	Tönn	2/8/2019	MH	Tönn úr stórgrip
3	443	5 miðstærðir pokar	6/8/2019	JMG	Gólf úr viðbyggingu
4	443	4 miðstærðir pokar	6/8/2019	JMG	Fylling í rennu milli steina í viðbyggingu
5	443	13 miðstærðir pokar	6/8/2019	JMG	Gólf norðan við steinahellur í viðbyggingu
6	443	2 fötur	6/8/2019	JMG	Gólf/ svart kolalag undir steinahellum í viðbyggingu
7	405	2 miðstærðir pokar	6/8/2019	KF	Gólflag úr austur inngangi
8	477	4 miðstærðir pokar	6/8/2019	JB	Gólflag í austurhluta skála
9	443	1 fata	7/8/2019	JMG	Gólflag sunnan við hellur í viðbyggingu
10		1 miðstærður poki	8/8/2019	KF	Skel úr stoðarholu
11	405	3 miðstærðir pokar	8/8/2019	KSR	Sýni úr gólfi í vestur enda skála
12	405	2 miðstærðir pokar	8/8/2019	KSR	Sýni úr gólfi í vestur enda skála við miðju. Rétt vestan við eldstæði
13	405	1 fata	8/8/2019	MH	Endi á bekk og fram í horn litla eldstæðis. Vestur enda í mölina.
14	476	Lítið eldstæði	8/8/2019	MH	Pínu lítið eldstæði á mörkum gólfs og bekkjar

9.15 Sýnaskrá 2020

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	405	Tönn	4/8/2020	JB	Dýratönn úr stórgrip fundið í lagi 405
2	403	Tönn	4/8/2020	GG	Dýratönn fundin við hreinsun í norður vegg. Mögulega hestatönn
3	405	Gólf	6/8/2020	JB	Leifar af gólfi tekið í sýni
4	423	Viður	11/8/2020	KSR	Viður í kringum grip F#10. Sýnið tekið í kringum gripinn
5	434	Tönn	12/8/2020	GG	Stórgripatönn fannst við jaðar torfhruns við miðjan suður vegg, innan við. Nálægt steinum ofan á seti (429)
6	434	Tönn	12/8/2020	GG	Stórgripatönn fannst austan við S#5 við jaðar torfhruns við miðjan suður vegg, innan við. Nálægt steinum ofan á seti (429) uppi við mögulega stoðarholu.
7	434	Tönn	12/8/2020	GG	Stórgripatönn fannst austan við S#6 við jaðar torfhruns við miðjan suður vegg, innan við. Ofan á seti (429) uppi við mögulega stoðarholu.
8	434	Tönn	14/8/2020	GG	Stórgripatönn ofan á eða í stoðarholu innan um torfhrun úr suðurvegg
9	550	Kol	14/8/2020	KSR	Kolamoli úr svörtu lagi í norður seti í skála
10	434	Tönn	16/8/2020	JB	Tönn fundin í hruni úr norður vegg
11	574	Kol	17/8/2020	KSR	Stórir kolamolar í stoðarholu [573] efri fylling í stoðargolunni
12	580	Kræklingahúð	17/8/2020	KSR	Húðin utan um kræklingaskel fundið í stoðarholu [579]
13	600	Tönn	18/8/2020	GG	Dýratönn fundin í stoðarholu [599] stórgripatönn


9.16 Sýnaskrá Smáhýsi (Svæði G) 2020

Sýnanr.	Context	Gerð	Dagsetning	Skrásetjari	Lýsing
1	703	Tönn	21/8/2020	JB	Nautgripa eða hesta tönn
2	703	Tönn	21/8/2020	JB	Nautgripa eða hesta tönn
3	703	Bein	24/8/2020	GG	Nautgripa eða hesta tönn. Mögulegt ökkla bein fundið í hruni utan við smáhýsi norðaustan megin
4	703	Bein	24/8/2020	JB	Nautgripa eða hesta tönn
5	704	Tönn	25/8/2020	KF	Mögulegt svínabein
11	709	Jarðvegssýni	26/8/2020	GG	Jarðvegssýni úr gólfi, tekið austan við eldstæði sunnan megin í smáhýsi


10. Hnitaskrá Borkjarna á Hrafnseyri

Borkjarni	Northing	Easting
Borkjarni 1	591805	296274
Borkjarni 2	591808	296272
Borkjarni 3	591807	296273
Borkjarni 4	591800	296279
Borkjarni 5	591802	296279
Borkjarni 6	591802	296276
Borkjarni 7	591803	296278
Borkjarni 8	591799	296274
Borkjarni 9	591804	296275
Borkjarni 10	591799	296277
Borkjarni 11	591810	296270
Borkjarni 12	591812	296269
Borkjarni 13	591814	296267
Borkjarni 14	591816	296266
Borkjarni 15	591797	296272
Borkjarni 16	591800	296277
Borkjarni 17	591800	296273

11. Flæðirit (Harris Matrix) Skálinn




12. Flæðirit (Harris Matrix) Smáhýsi



Kortlagning fortíðarinnar

Skráning fornleifa við Arnarfjörð með flygildi, myndmælingum,
hitamyndavél og gömlum loftljósmyndum



Gunnar Grímsson

NV nr. 13-20

September 2020

Samantekt

Í þessari skýrslu er greint frá kortlagningu fornleifa við Arnarfjörð á Vestfjörðum sem fór fram milli 23. júní til 8. júlí 2020. Ljósmyndir og hitamyndir, teknar úr flygildi, voru notaðar til að gera samsettar loftmyndir, hæðarlíkön og hitakort með notkun myndmælinga, sem ná yfir um 9 km² svæði, auk annarra 9,8 km² með gömlum loftljósmyndum frá Landmælingum Íslands. Valin svæði voru mynduð nokkrum sinnum með hitamyndavél yfir nóttu til að athuga hvenær bestu skilyrði til hitamyndatöku eru. Fornleifar voru alfarið skráðar út frá kortunum í landupplýsingakerfum og ekkert var skráð á vettvangi. Alls voru 655 fornleifar skráðar, en af þeim höfðu 54 þeirra áður verið skráðar í hefðbundnum fornleifaskráningum. Notkun myndmælinga í fornleifarannsóknnum virðist geta aukið afköst fornleifaskráningar og jafnvel leitt í ljós minjar sem sjást lítið sem ekkert á yfirborðinu.

Efnisyfirlit

Samantekt	1
Töfluskra	4
1. Inngangur	5
1.1. Markmið og aðferðir	5
1.2. Samstarfsaðilar	5
1.3. Aðdragandi rannsóknar.....	5
2. Aðferðafræði.....	7
2.1. Tækjabúnaður	7
2.2. Gagnaúrvinnsla	7
2.3. Rannsóknarsnið.....	7
2.4. Skráning minja á kortum	8
3. Niðurstöður.....	10
3.1. Myndmælingar: ljósmyndir.....	11
3.1.1. Auðkúla (skáli).....	12
3.1.2. Álftamýri.....	13
3.1.3. Baulhús.....	14
3.1.4. Dynjandi	15
3.1.5. Hjallkárseyri og Óskarssel	16
3.1.6. Hlaðsbót.....	17
3.1.7. Hlaðseyri til og með Gljúfurá	17
3.1.8. Hlaðsnes / Skeleyri.....	18
3.1.9. Hóll í Bakkadal.....	19
3.1.10. Hrafnabjörg og Lokinhamrar	21
3.1.11. Hrafnseyrarsel.....	22
3.1.12. Hrafnseyri.....	23
3.1.13. Hringsdalur	24
3.1.14. Kirkjuból	25
3.1.15. Ós í Mosdal fram að Laugabóli.....	26
3.1.16. Selárdalur og Uppsálar.....	27
3.1.17. Skjaldfannarkot	28
3.1.18. Stapadalur	29
3.1.19. Tjaldanes, Svalbarð og Litla-Tjaldanes	30

3.2. Myndmælingar: Hitamyndir.....	31
3.2.1. Auðkúla (skáli).....	32
3.2.2. Mögulegur skáli við Svínuós norðan Dynjanda	34
3.2.3. Hrafnseyri.....	35
3.2.4. Hringsdalur.....	37
3.2.5. Hóll í Bakkadal.....	37
3.2.6. Önnur svæði.....	39
3.3. Myndmælingar: gamlar loftmyndir.....	39
3.3.1. Fortíðarkort: Hrafnseyri	40
3.3.2. Fortíðarkort: Auðkúla (skáli)	41
3.4. Önnur vinna	42
3.4.1. Undirbúningsvinna	42
3.4.2. Þrívíddarlíkan af Hrafnseyri.....	44
4. Umræða	44
4.1. Gagnsemi myndmælinga með ljósmyndum	44
4.2. Gagnsemi myndmælinga með hitamyndum.....	45
4.3. Gagnsemi myndmælinga af fortíðinni	45
4.5. Næstu skref.....	45
Heimildir.....	46
Viðauki: Dagbók	47
Undirbúningsvinna: 9. til 22. júní.....	47
Vettvangsvinna: 23. júní til 8. júlí.....	47
Úrvinnsla: 9. júlí til 2. ágúst.....	48
Fornleifauppgröftur: 3. ágúst til 28. ágúst	48
Túlkun korta: 31. ágúst til 30. september.....	48
Viðauki: hnitaskrá	48

Myndaskrá

Mynd 1: Yfirlit kortlagðra svæða í Arnarfirði.	10
Mynd 2: Skáli á landi Auðkúlu.....	12
Mynd 3: Álftamýri	13
Mynd 4: Baulhús	14
Mynd 5: Dynjandi.....	15

Mynd 6: Hjallkárseyri og fjallshlíðarnar þar sem getið er um Óskarssel og Ásgeirssel.....	16
Mynd 7: Hlaðsbót.....	17
Mynd 8: Strandlengjan frá Hlaðseyri til Gljúfurár.....	18
Mynd 9: Hlaðsnes/ Skeleyri	18
Mynd 10: Hóll í Bakkadal	19
Mynd 11. Hrafnbjörg og Lokinhamrar.....	21
Mynd 12: Hrafnseyrarsel.....	22
Mynd 13. Hrafnseyri	23
Mynd 14: Hringsdalur	24
Mynd 15: Kirkjuból.....	25
Mynd 16: Strandlengjan milli Óss og Laugabóls	26
Mynd 17: Selárdalur og Uppsalar	27
Mynd 18: Skjaldfannarkot.....	28
Mynd 19: Stapadalur.....	29
Mynd 20: Tjaldanes, Svalbarð og Litla-Tjaldanes.....	30
Mynd 21: Samanburður á samsettri hitamynd fyrir og eftir síun	32
Mynd 22: Loftmynd, hæðarlíkan og hitamynd af skálanum við Auðkúlu	32
Mynd 23: Skálinn við Auðkúlu. Samanburður á hitamyndum frá 01:00-04:00, fyrir og eftir síun.....	33
Mynd 24: Skálinn við Svínuós: loftmynd, hæðarlíkan og hitamynd.....	34
Mynd 25: Skálinn við Svínuós. Samanburður á síuðum myndum.....	35
Mynd 26: Hrafnseyri. Samanburður á loftmynd, hæðarlíkani og hitamynd.....	36
Mynd 27: Hringsdalur. Samanburður á loftmynd, hæðarlíkani og hitamynd.....	37
Mynd 28: Til vinstri: Hólstangahringurinn (16x17 m). Til hægri: Grænlenkirkja (16x18 m).....	37
Mynd 29: Hólstangahringurinn. Samanburður á loftmynd, hæðarlíkani og hitamynd	38
Mynd 30. Dæmi um ónotaðar hitamyndi	39
Mynd 31: Yfirlit fortíðarkorta.....	40
Mynd 32: Hrafnseyri. Gæðasamanburður á fortíðarkortum og afurðum flygilda.....	41
Mynd 33: Skáli á landi Auðkúlu. Samanburður á hæðarlíkönum frá 1993 og 2020	42
Mynd 34: Vísbendingar um fornleifar á gervihnattamyndum og heimildavinna.	43
Mynd 35: Hrafnseyri. Þrívíddarlíkan	44

Töfluskrá

Tafla 1: Flokkun skráðra minja.	8
Tafla 2: Tölfræði skráðra minja, flokkað eftir gagnalindum.....	10
Tafla 3: Kortlögð svæði með hitamyndavél.	31

1. Inngangur

1.1. Markmið og aðferðir

Markmið þessarar vinnu er að skrá og mæla upp fornleifar í Arnarfirði án þess að horfa á þær með berum augum á vettvangi. Þess í stað eru ljósmyndir og hitamyndir teknar úr dróna eða flygildi og myndirnar unnar í kort með notkun myndmælinga (e. *photogrammetry*). Áhersla er lögð á minjastaði í norðanverðum Arnarfirði og í Ketildölum. Vonir eru bundnar við að þessi vinna geti gefið heildstæðari mynd af þróun byggðar í Arnarfirði fyrr á öldum en þar er fjöldi eyðibýla frá mörgum mismunandi tímabilum í Íslandssögunni. Þetta er gert með mjög vönduðum dróna sem er útbúinn ljósmyndavél og hitamyndavél. Ásamt því að mynda þekkt eyðibýli er einnig skimað eftir minjastöðum, sem getið er í gömlum ritheimildum en ekki hefur tekist að staðsetja hingað til.

Auk ljósmynda eru ákveðin, afmörkuð svæði mynduð með hitamyndavél að kvöldi og nóttu til. Reynt er að leita að vísbendingum um minjar, sem sjást illa eða alls ekki á yfirborðinu og útfæra aðferðafræði bak við notkun hitamynda við fornleifarannsóknir hér á landi. Einnig eru gerðar tilraunir með notkun gamalla loftljósmynda til að framleiða samsettar loftmyndir og hæðarlíkon úr fortíðinni.

Jafnframt er kannað hvort og hvernig hægt sé að innleiða þessar aðferðir í almenna fornleifaskráningu.

1.2. Samstarfsaðilar

Þetta verkefni er hluti af rannsókninni *Arnarfjörður á miðöldum* undir stjórn Margrétar H. Hallmundsdóttur fornleifafræðings og Náttúrustofu Vestfjarða. Verkefnið tók alls fjóra mannmánuði og er unnið af skýrsluhöfundi, með ráðgjöf frá Margréti H. Hallmundsdóttur. Verkefnið fékk jafnframt styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, sem veitti þriggja mánaða launaúthlutun til skýrsluhöfundar, sem útskrifaðist með BA gráðu í fornleifafræði við Háskóla Íslands í sumar. Staðarhaldari og safnstjóri safns Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri útveguðu Náttúrustofu Vestfjarða vinnuástöðu og gistingu fyrir skýrsluhöfund á meðan vettvangsvinnu stóð. Auk þessarar vinnu var skýrsluhöfundur þátttakandi í fornleifarannsókn á skála á Auðkúlu, undir stjórn Margrétar, í ágúst mánuði. Fjallað var um vinnuna í kvöldfréttum RÚV 5. júlí 2020 (*Kortleggja fornleifar í þrívídd...*, 2020) og einnig var áætlað að halda erindi um vinnuna á Vestfirska sögu- og fornleifadeginum á Suðureyri í ágúst 2020 en því var aflýst vegna COVID-19.

1.3. Aðdragandi rannsóknar

Loftljósmyndir hafa lengi verið notaðar til halds og trausts í fornleifarannsóknnum og jafnframt hefur notkun flygilda og myndmælinga verið að ryðja sér til rúms á seinustu árum. Skýrsluhöfundur byrjaði að kortleggja minjastaði með flygildi innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sumarið 2017 og einnig innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, með hléum, milli 2017-2019. Með notkun flygilda og myndmælinga á Þingvöllum var hægt að staðsetja fjögur forn eyðibýli frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar, sem höfðu verið týnd innan kjarrskóga í allt að 120 ár og sjást afar illa á yfirborði. Einnig nýttust myndmælingar við fornleifaskráningu Margrétar H. Hallmundsdóttur fornleifafræðings við að finna fjölda óþekktra minja á alþingisstaðnum forna. Hitamyndir gáfu þá vísbendingar um fornminjar, sem sjást illa eða ekkert á yfirborði (Gunnar Grímsson, 2020).

Í kjölfar kortlagningar fornleifa á Þingvöllum vaknaði áhugi á því að beita sömu aðferðum í Arnarfirði. Þetta verkefni er hluti af rannsókninni *Arnarfjörður á miðöldum*, sem gengur út á að finna rústir landnáms- og miðaldabýla í Arnarfirði. Verkefnið er viðbót við yfirstandandi fornleifarannsókn og er talið geta aukið skilning á búsetuþróun í Arnarfirði.

Hitamyndavélar hafa afar lítið verið notaðar í fornleifarannsóknum hér á landi og því hefur aðferðafræði á bak við notkun þeirra ekki verið þróuð langt. Grunnhugmyndin með hitamyndavélum er að mæla hitann sem fornleifar geisla frá sér. Notkun hitamyndavéla hér á landi og erlendis (Casana o.fl., 2017) hefur áður gefið til kynna að á daginn jafnast yfirborðshitinn að miklu leyti út vegna sólargeisla. Eftir sólsetur kólnar yfirborðið hins vegar mishratt, þar sem ákveðin efni safna í sig og viðhalda hita betur en önnur efni, líkt og veggir mannvirkja. Á Þingvöllum var hægt að greina svipaðar niðurstöður með hitamyndum og höfðu áður fengist með viðnámsmælingum (Gunnar Grímsson, 2020) og eru því nú þegar komnar vísbendingar um að hitamyndataka geti nýst sem sjálfstæð fjarkönnunaraðferð hér á landi. Mikilvægt er þó að þróa betur aðferðafræði í kringum hitamyndatöku til að geta áttað sig á notagildi þeirra hér á landi og m.a. þarf að taka hitamyndir á fleiri stöðum og við mismunandi gróður- og veðurfarsaðstæður.

2. Aðferðafræði

Svæðin voru mynduð með flygildi og myndirnar voru unnar í kort með notkun myndmælinga (e. *photogrammetry*).

2.1. Tækjabúnaður

Flygildið sem notað er í rannsókninni er af gerðinni *Matrice 210* frá framleiðandanum *DJI*. Flygildið er útbúið 20 megapixla ljósmyndavél (*Zenmuse X4S*) og 640x512 pixla hitamyndavél (*Zenmuse/FLIR XT-R*). Hitamyndavélin er radíómetrísk, sem þýðir að hún mælir hita hvers einasta mynddílís með nákvæmni upp á 2 °C og næmni hennar er 0,05 °C. Flygildið og myndavélarnar er lánað af jarðhitaráðgjafabjónustunni Warm Arctic ehf, þar sem það er notað við fjarkönnun á jarðhitasvæðum (Grímur Björnsson o.fl., 2019).

Flogið er yfir þekkt miðaldabýli í Arnarfirði og aðra staði þar sem líklegt er að býli hafi staðið. Dróninn er látinn fljúga skipulagða, fyrirframákveðna leið sem tryggir að landsvæðið er myndað bak og fyrir og að myndirnar skarist nógu mikið svo hægt sé að vinna kort og yfirborðslíkön af þeim. Dróninn flýgur leiðina sjálfvirkt en ávallt er fylgst grannt með drónanum til að tryggja öryggi. Reynt verður að taka hitamyndir í mismunandi veðurfari til að ákvarða hvar og hvenær þær gera mestan gæfumun en fyrri reynsla (Gunnar Grímsson, 2020) gefur til kynna að þær virki best í þunnum jarðvegi þegar sól skín ekki beint á landið.

2.2. Gagnaúrvinnsla

Þegar ljósmyndun á býlunum er lokið tekur við eftirávinnsla, sem felur í sér gerð samsettra loftmynda (e. *orthomosaic*) og hæðarlíkana (e. *digital elevation model*), þar sem ítarlegar hæðarbreytingar í landslaginu koma fram. Notast er við hugbúnaðinn *Agisoft Metashape Professional Edition*. Þau gögn eru síðan túlkuð í landupplýsingaforritum til að ákvarða staðsetningu, lögun og jafnvel hlutverk mögulegra fornleifa. Með þessum hætti er hægt að kortleggja minjar í heilum firði og setja þær í samhengi við þá rannsókn, sem staðið hefur yfir undanfarin ár. Þessi aðferðafræði á þá möguleika að auka nákvæmni hefðbundinnar fornleifaskráningar, sem fer iðulega fram á jörðu niðri, því þessi aðferð nemur rústir sem mannsaugað getur átt mjög erfitt með að nema. Þessi gögn geta þá verið grunnur að frekari rannsóknum, t.d. með borkjarnarannsóknum sem geta staðfest eðli og umfang rústanna.

Hitamyndirnar verða einnig unnar í kort með myndmælingum. Hitamyndataka í fornleifarannsóknum (e. *thermography*) gengur í grunninn út á að rústir, sérstaklega vegghleðslur, draga meiri hita í sig en annað í nærumhverfi sínu og viðhalda hitanum lengur en reynslan sýnir að hitamismunurinn sést best á kvöldin og nóttunni, eftir sólsetur (Casana o.fl., 2017). Þá er mögulegt að geta greint útlínur fornra rústa, sem leynast undir yfirborðinu, með því að nema hitann sem leiðir úr rústunum upp á yfirborðið.

2.3. Rannsóknarsnið

Fyrsti hluti vinnunnar, frá 9.-22. júní, fólst í að funda með Margréti H. Hallmundsdóttur, leiðbeinanda verkefnisins. Gerð var verkáætlun um hvaða landsvæði er æskilegt að mynda. Einnig var rýnt í ritheimildir og gervihnattamyndir af Arnarfirði. Ákveðið var að mynda bæði svæði þar sem vitað er að býli hafa staðið sem og svæði þar sem grunur leikur á að býli hafi verið út frá ritheimildum og/eða fyrri athugunum.

Annar hluti verkefnisins var vettvangsvinna og gagnasöfnun í Arnarfirði, sem stóð yfir frá 23. júní til 8. júlí.

Þriðji hluti verkefnisins stóð yfir milli 9. júlí til 2. ágústs, þar sem kort voru unnin úr teknum myndum.

Ekki var unnið með gögnin í fjórða hluta vinnunnar, frá 3.-28. ágúst en þá stóð fornleifauppgröftur yfir á landnámsskála á Auðkúlu.

Fimmti og síðasti hluti verkefnisins stóð yfir í septembermánuði en þá var lokið við gagnaúrvinnslu, minjar skráðar út frá afurðum myndmælinga og helstu niðurstöður settar fram í þessari greinargerð. Ítarlegri verklýsing er í viðauka á bls. 47.

2.4. Skráning minja á kortum

Allar fornleifar voru skráðar og mældar upp sem flákar í einni GeoPackage-skrá, sem er hnitsett í ISN93-hnitakerfinu. Hverjar minjar fengu sitt eigið „fljótandi númer“ sem var gefið sjálfvirkt. Þessi númer sýna í hvaða röð minjarnar voru skráðar. Sumstaðar vantar ákveðin númer og er það til marks um að því númeri hafi síðar verið eytt út úr skráningu, líklegast við yfirfarngu (t.d. ef númeraröð er 345, 346, 348 og 349, þá þýðir að minjum nr. 347 hefur verið eytt út). Ákveðið var að halda þessum númerum í skýrslunni til að sýna betur verkferlið. Skráin er svokölluð fjölflákaskrá (e. *MultiPolygon*) og sum minjanúmer geta náð yfir nokkra fláka. Til dæmis getur túngarður verið teiknaður upp með fimm eða sex flákum en allir flákarnir eru undir einu númeri. Einnig er dagsetning og tímasetning upp á sekúndu sett sjálfkrafa á hvert minjanúmer svo hægt er að sjá hversu langan tíma tók að mæla minjarnar upp.

TAFLA 1: FLOKKUN SKRÁÐRA MINJA.

Flokkur	Lýsing
fid	Fljótandi númer (<i>floating ID</i>). Kemur sjálfkrafa við skráningu.
Svæði	Heiti jarðarinnar sem minjarnar eru innan.
Eldra nr.	Eldra skráningarnúmer, ef það á við.
Gagnalind	A. <i>Lofkort</i> (kort flygildis) B. <i>Fortíðarkort</i> (kort frá gömlum myndum frá LMÍ)
Líkindi	A. <i>Hugsanlegt</i> – skrásetjari telur mögulegt að um fornleifar sé að ræða B. <i>Greinilegt</i> – skrásetjari telur flestar eða allar líkur á því að um fornleifar sé að ræða C. <i>Staðfest</i> – tilvist fornleifanna hefur verið staðfest með rannsóknum
Túlkun	Einföld túlkun skrásetjara á gerð og/eða hlutverki minja.
Ath.	Athugasemdir skrásetjara ef það á við.
Dags.	Dagsetning (d/m/á) og tími (k/m/s) sem minjar voru skrásettar. Kemur sjálfkrafa við skráningu.
X	X-hnit (ISN93).
Y	Y-hnit (ISN93).

Við hefðbundna fornleifaskráningu eru öll skráð atriði tekin jafngild sem fornleifar, sem getur verið vandasamt þar sem oft á tíðum er erfitt að fullyrða hvort ummerki í náttúrunni séu í raun og veru fornleifar. Hér var brugðið frá hefðinni og var skráðum fornleifum skipt upp í *hugsanlegar*, *greinilegar* og

staðfestar fornleifar. Minjar voru einnig flokkaðar eftir gagnalind – kortabekjunum sem þær voru skráðar út frá – og eru það annaðhvort kortabekjur flygildis eða fortíðarkort (sjá fortíðarkort á bls 39).



Skráning minja fór alfarið fram í landupplýsingakerfum og engar minjar voru skoðaðar á vettvangi. Loftkort, yfirborðslíkön og hitakort voru notuð til skráningar á minjum í QGIS-landupplýsingakerfinu. Yfirborðslíkönin voru stillt sem hæðarskyggjur (e. *hillshade*) en hæðarskyggjur gera ítarlega grein fyrir hæðarbreytingum í landslaginu og framleiða skugga, sem hægt er að stilla að vild og auðvelda leit að minjum. Farið var tvisvar sinnum yfir öll kortin. Í fyrra skiptið var skimað frjálst eftir minjum en í seinna skiptið var 100 x 100 m rúðunet lagt yfir kortin og einn reitur skimaður í einu til að tryggja eins heildstæða skráningu og hægt er. Fyrri skráningar voru ekki hafðar til hliðsjónar á meðan skráningu stóð en þær voru bornar saman við eftir á. Þannig er hægt að bera saman hvort sömu minjar hafi verið skráðar með þessari aðferð, hvort einhverjar minjar hafi ekki sést og hvort hægt hafi verið að koma auga á fleiri minjar en í fyrri skráningum.

Þessi vinna er ekki ætluð sem hefðbundin fornleifaskráning og er ekki hönnuð til að uppfylla alla skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Afar lítið er notast við ritheimildir í leit að vísbendingum um staðsetningar fornleifa og var það mestmegnis stutt heimildavinna og skimun fornleifa á gervihnattamyndum í byrjun júní 2020 (sjá bls. 42). Við skráningu er fyrst og fremst stuðst við afurðir myndmælinga: samsettar loftmyndir og hæðarlíkön. Það veldur því að ákveðnar gerðir fornleifa, t.d. álagablettir, leiðir, vöð og staðir tengdir sagnaarfi eru ekki teknar með.

3. Niðurstöður

Alls voru 655 fornleifar skráðar út frá kortum flygildis og „fortíðarkortum“. Þar af eru 159 þeirra taldar hugsanlegar, 475 greinilegar og 21 hafa þegar verið staðfestar með uppgrefti. 559 fornleifar voru merktar út frá kortum flygildis, sem eru víðsvegar um Arnarfjörð og 96 út frá fortíðarkortum af Hrafnseyri og Auðkúlu. Minjar voru ekki skráðar út frá hitamyndum.

TAFLA 2: TÖLFRÆÐI SKRÁÐRA MINJA, FLOKKAÐ EFTIR GAGNALINDUM.



MYND 1: YFIRLIT KORTLAGÐRA SVÆÐA Í ARNARFIRÐI.


3.1. Myndmælingar: ljósmyndir

Samsettar loftmyndir og hæðarlíkön af 19 svæðum voru framleiddar úr 6240 ljósmyndum flygildis. Heildarflatarmál kortaþekjanna er um níu ferkílómetrar.

Nr.	Nafn	Dags.	Tími	Fjöldi mynda	Flughæð (m)	Upplausn loftmyndar (cm)	Flatarmál (km ²)	Upplausn hæðarlíkans (cm)
1	Auðkúla-skáli	05.07.20	17:00	249	77	1,96	0,23	1,96
2	Álftamýri	26.06.20	11:00	384	112	2,71	0,49	5,42
3	Baulhús	25.06.20	16:30	145	120	3,06	0,29	6,12
4	Dynjandi	05.07.20	22:00	306	118	2,94	0,86	5,89
5	Hjallkárseyri-Óskarssel	30.06.20	22:00	483	93	2,36	0,72	4,73
6	Hlaðsbót	25.06.20	15:30	267	66	1,68	0,13	3,36
7	Hlaðseyri-Gljúfurá	27.06.20	23:00	983	97	2,46	1,46	4,91
8	Hlaðsnes	03.07.20	12:00	113	77	1,96	0,16	3,91
9	Hóll í Bakkadal	03.07.20	18:45	191	77	1,95	0,21	1,95
10	Hrafnabjörg-Lokinhamrar	24.06.20	13:00	364	86	2,15	0,26	4,3
11	Hrafnseyrarsel	05.07.20	18:00	90	107	2,66	0,24	5,33
12	Hrafnseyri	01.07.20	18:45	231	66	1,74	0,13	1,74
13	Hringsdalur	03.07.20	17:45	220	91	2,27	0,29	4,54
14	Kirkjuból	04.07.20	23:00	218	116	2,86	0,4	5,73
15	Ós-laugaból	04.07.20	23:30	481	64	1,6	0,49	3,21
16	Selárdalur-Uppsalir	03.07.20	16:30	681	113	2,81	1,25	5,62
17	Skjaldfannarkot	01.07.20	13:00	73	113	2,84	0,24	5,68
18	Stapadalur	25.06.20	14:00	344	58	1,44	0,23	2,89
19	Tjaldanes	27.06.20	13:00	417	99	2,45	0,88	4,89
Samtals				6240			8,95	
Meðaltal				328,42	92,11	2,31	0,47	4,33

3.1.1. Auðkúla (skáli)


Svæðið umhverfis skálann á landi Auðkúlu var myndað og þar á meðal voru verminjar við sjóinn, sem höfðu áður verið skráðar. Ekki var stærra svæði myndað, t.d. bæjarstæði Auðkúlu, vegna varpstöðva fugla. Fjallað er um notkun hitamynda yfir skálanum á bls. 32 og notkun fortíðarkorta á bls 41 en með þeim var hægt að mæla upp fornleifar sem sjást ekki lengur vegna trjágróðurs.



MYND 2: SKÁLI Á LANDI AUÐKÚLU. NÆRMYND AF ÁÐUR SKRÁÐUM MINJUM VIÐ SJÁVARSÍÐUNA.

3.1.2. Álftamýri


Landeigendur á Álftamýri, Bryndís Baldursdóttir og Gunnar Steinþórsson, veittu góðfúslegt leyfi til að mynda og mæla fornleifar á landareign þeirra. Var þar hægt að merkja hluta túngarðs og bæjarhóls, beðasléttur og leifar kirkju og kirkjugarðs við bæinn. Við sjávarsíðuna voru áður skráðar minjar merktar, en þó var hægt að bæta við fleiri minjum, þ.á.m. hugsanlegri hringlaga rúst sem var merkt út frá litamuni á gróðri. Frekari rannsókna er þörf til að meta hvort það séu fornleifar eða náttúrumyndanir.



MYND 3: ÁLFTAMÝRI. NÆRMYND AF ÁÐUR SKRÁÐUM MINJUM VIÐ SJÁVARSIÐUNA.


3.1.3. Baulhús

Hægt var að greina sömu minjar og höfðu áður verið skráðar við sjávarsíðuna á eyðibýlinu Baulhúsum. Einnig voru greinilegar minjar á bæjartúninu. Vestan túns er aflöng hæðarófafna merkt sem hugsanlegar fornleifar og gætu frekari rannsóknir skorið úr um hvort það séu fornar rústir.



MYND 4: BAULHÚS. NÆRMYND AF SKRÁÐUM MINJUM VIÐ SJÁVARSIÐUNA.

3.1.4. Dynjandi




MYND 5: DYNJANDI. NÆRMÝNDIR AF ÁÐUR SKRÁÐUM MINJUM VIÐ BÚÐAVÍK, NÝSKRÁÐUM SKÁLA VIÐ SVÍNUÓS OG ÓÞEKKTUM MINJUM VESTAN DYNJANDA.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á Dynjanda (Margrét H. Hallmundsdóttir, 2013) og var hægt að skrá sömu minjar út frá kortum flygildis. Til viðbótar var hægt að skrá rústir norðan við ós árinna Svínu en þær bera þess merki að vera fornbyli. Þar mótast greinilega fyrir um 18 m löngum skála, hugsanlega með viðbyggingu, 1-3 byggingum við hlið hans og einnig ummerkjum hringlaga mannvirkis, rúmlega 10 m í þvermál, með ummerkjum smátóftar innan í. Útlit þess svipar til bænhússins og kirkjugarðsins við skálann á Auðkúlu (Margrét H. Hallmundsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir, 2017), þótt ekkert verður fullyrt að sinni. Hér eru mikil tækifæri til frekari rannsókna. Þessar rústir hafa ekki áður verið skráðar en þær sjást ekki með berum augum á jörðu niðri. Hitamyndir af þessum rústum eru sýndar á bls. 34.

Vestan bæjarstæðis Dynjanda eru greinilegar rústir mannvirkis, sem gæti hafa verið sel. Um 50 m vestan þess eru hugsanlegar útlínur eldri rústar, sem ber einkenni skála. Frekari rannsókna, t.d. borkjarnarannsóknar, er þörf til að meta hvort um sé að ræða fornleifar.

3.1.5. Hjallkárseyri og Óskarssel


Austan eyðibýlisins Hjallkárseyrar er getið um tvö sel: Óskarssel og Ásgeirssel (Kjartan Ólafsson, 1999). Hvorug hafa verið skráð en Ásgeirssel er sagt hafa verið utar en Óskarssel. Tæplega fjögurra kílómetra lengja var mynduð meðfram sjávarsíðunni í leit að þessum seljum. Mögulega hefur það borið árangur en mögulegar seljarústir voru einmitt skráðar á tveimur stöðum. Sú innri er við fjöruborðið og má þar greina eina greinilega byggingu og tvær hugsanlegar. Sú ytri virðist nokkuð yngri og er uppi í hlíðinni. Þar er þrískipt tóft.



MYND 6: HJALLKÁRSEYRI OG FJALLSHLÍÐARNAR ÞAR SEM GETIÐ ER UM ÓSKARSEL OG ÁSGEIRSEL.

3.1.6. Hlaðsbót


Á Hlaðsbót var verslunarstaður í kringum aldamótin 1900 (Kjartan Ólafsson, 1999) og hefur hann þegar verið skráður. Hér voru tvær minjar skráðar en í fyrri skráningu voru þær sameinaðar undir einu númeri. Ekki var hægt að greina aðrar minjar í nærumhverfi verslunarstaðarins.



MYND 7: HLAÐSBÓT. NÆRMYND AF ÁÐUR SKRÁÐUM VERSLUNARSTAÐ.

3.1.7. Hlaðseyri til og með Gljúfurá

Um 4,5 km strandlengja var mynduð á tveimur mismunandi dögum og nær kortabekjan yfir eyðibýlin Hlaðseyri, Karlsstaði, Gljúfurá og Gljúfuráreyri. Minjar á bæjarstæðunum eru afar greinilegar en meirihluti þeirra er líklega frá fyrri hluta 20. aldar. Ekki var farið lengra en að Gljúfuráreyri því þar er varpsvæði tjalda og hefði frekara flug truflað fuglalíf.



MYND 8: STRANDLENGJAN FRÁ HLAÐSEYRI TIL GLJÚFURÁR. NÆRMYNDIR AF HLAÐSEYRI, KARLSSTÖÐUM OG GLJÚFURÁ.


3.1.8. Hlaðsnes / Skeleyri



MYND 9: HLAÐSNES/ SKELEYRI.

Kortin af Hlaðsnesi eru þau einu þar sem engar sjáanlegar minjar voru skráðar en heimildir geta þess að einsetumaður hafi búið á þessum slóðum í kringum árið 1600 (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1984). Áætlað var að mynda stærra svæði og fara lengra til austurs en það þurfti að lenda flygildinu vegna roks. Nafngiftin er reyndar misvísandi því samkvæmt örnefnaskjali Landmælinga Íslands kallast nesið á kortinu Skeleyri. Örnefnið Hlaðsnes er örlítið austan við kortlagt svæði og við frekari leit að meintum einsetumannakofa ætti að skoða það svæði betur.

3.1.9. Hóll í Bakkadal



MYND 10: HÓLL Í BAKKADAL. NÆRMYNDIR FRÁ HÓLSTANGA SEM SÝNA M.A. HUGANLEGAN KUMLATEIG OG EINKENILEGT, HRINGLAGA FYRIRBÆRI.


Minna svæði var myndað á landi Hóls í Bakkadal en gert var ráð fyrir, þar sem tveir fýlar sýndu flygildinu áhuga og var því lent snemma í varúðarskyni.

Skrásetjari átti gott samtal við Pétur Arason, landeiganda á Hóli, sem veitti mikilvægar upplýsingar um mögulegar fornleifar á landi Hóls. Pétur hafði tekið eftir einkennilegri, hringmyndaðri hleðslu við örnefnið Hólstanga fyrir nokkrum árum, sem er um 17 metrar í þvermál. Hleðslan sést greinilega á kortum flygildis og þar má einnig greina útlínur annars mannvirkis innan hennar. Þessi tvö fyrirbæri minna einna helst á kirkju og kirkjugarð en frekari rannsókna er þörf til að átta sig nákvæmlega á hlutverki þeirra. Mannvirkið var myndað með hitamyndavél og er fjallað um það á bls. 37.

Pétur benti einnig á steinhrúgur nálægt sjávarbakkannum, sem minna hann á kumlin við bæinn Hringsdal, sem er rúmlega 3 km austan Hóls. Hægt var að greina fjórar slíkar steinhrúgur á kortum flygildis, sem voru skráðar sem hugsanlegar fornleifar. Ekki er hægt að fullyrða að um kuml sé að ræða nema með uppgrefti. Ásamt þessum fjórum steinhrúgum vakti athygli að sjá fjölda lítilla ójafna í landslaginu þar í kring. Þessar ójöfnur eru 14 talsins og voru allar skráðar undir einu númeri sem hugsanlegar fornleifar. Frekari rannsóknir geta staðfest eða útilokað að um fornleifar sé að ræða.

Um 30-40 m austan ójafnanna mátti þá greina hugsanlegar leifar vegg- eða garðhleðslu í rofbakka auk ummerkja fleiri hugsanlegra fornleifa. Þá voru tvær hugsanlegar aflangar byggingar skráðar sunnan ójafnanna auk greinilegrar vegghleðslu.


3.1.10. Hrafnabjörg og Lokinhamrar



MYND 11. HRAFNABJÖRG OG LOKINHAMRAR. NÆRMYNDIR AF SKRÁÐUM MINJUM OG HUGSANLEGRI AFLANGRI TÓFT.

Minna svæði var myndað en gert var ráð fyrir vegna fýls, sem flaug heldur of nálægt flygildinu. Einblínt var á bæjarstæði Lokinhamra og hluta bæjarstæðis Hrafnabjarga. Við Lokinhamra höfðu minjar áður verið skráðar á einum stað við sjávarsíðuna en flestar sýnilegar minjar virðast vera nokkuð nýlegar eða frá fyrrihluta 20. aldar. Norðan Lokinhamra mátti þá greina hugsanlega, aflanga tóft sem vert væri að kanna nánar.


3.1.11. Hrafnseyrarsel



MYND 12: HRAFNSEYRARSEL. NÆRMYNDIR AF SKRÁÐUM MANNVIRKJUM.

Heimildir gátu um sel frá Hrafnseyri í dalnum norðan bæjarins (Kjartan Ólafsson, 1999). Minna svæði var myndað en vilji var til í varúðarskyni, því erfitt var að sjá staðsetningu flygildisins og þ.a.l. erfitt að sjá ef fuglar skyldu gera aðflug að flygildinu. Þó var hægt að mynda Hrafnseyrarsel og einnig tvö önnur rústasvæði norðan og sunnan þess. Mögulega eru þetta allt seljarústir, sem áhugavert væri að kanna nánar. Einnig voru mógrafir skráðar á tveimur stöðum en þær eru taldar til fornleifa, því þær eru vitnisburður um mannlegar athafnir.


3.1.12. Hrafnseyri



MYND 13. HRAFNSEYRI.

Vegna nálægðar við varpstöðvar fugla var aðeins flogið yfir bæjarstæði Hrafnseyrar. Talsverður hluti minjanna sem sjást á myndinni fyrir ofan var skráður út frá fortíðarkortum (sjá bls. 40) en þær sjást illa eða alls ekki í dag vegna bættra gróðurskilyrða. Myndirnar voru einnig unnar í þrívíddarlíkan, sem gæti nýst við miðlun á safninu. Fjallað er um hitamyndatöku á Hrafnseyri á bls. 35.


3.1.13. Hringsdalur



MYND 14: HRINGSDALUR. NÆRMYNDIR AF KUMLATEIG, AFLÖNGU MANNVIRKI OG EINKENNILEGUM HRINGLAGA GRÓÐURJÖFNUM.

Við Hringsdal er kumlateigur á litlu nesi og stóðu fornleifarannsóknir þar yfir frá 2008-2011. Athygli vekur að rétt vestan þeirra mótar fyrir allgreinilegu rústasvæði, mögulega mannaústað. Um 250 m vestan kumlateigsins mátti sjá móta fyrir sjö hringlaga gróðurjöfnum, sem voru skráðar undir einu númeri sem hugsanlegar fornleifar. Vert er að geta þess að á þessum slóðum fannst sverð við vegagerð á miðri 20. öld (Adolf Friðriksson o.fl., 2010) og eru því nú þegar vísbendingar í ritheimildum um fornleifar á þeim slóðum þar sem hringirnir eru. Austan kumlateigsins mátti þá greina ummerki aflangrar byggingar, sem mögulega gæti verið skáli. Fjallað er um notkun hitamynda yfir kumlateignum á bls. 37.


3.1.14. Kirkjuból



MYND 15: KIRKJUBÓL OG NÆRMYND AF BÆJARSTÆÐINU.

Minjar á Kirkjubóli eru flestar frá fyrrihluta 20. aldar en athuga mætti betur hugsanlegar leifar minja sunnan árinna og minjar í suðausturhorni túnsins, þar sem heimildir geta um forna kirkju. Stærri svæði var myndað meðfram ánni utan Kirkjubóls, en heimildir geta þar um eyðibýlið Litla-Kirkjuból (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1984). Engar vísbendingar um mannvirki fundust þó á kortum á þeim slóðum.


3.1.15. Ós í Mosdal fram að Laugabóli



MYND 16: STRANLENGJAN MILLI ÓSS OG LAUGABÓLS. NÆRMYNDIR AF VERMINJUM.

Skýrsluhöfundur hafði áður rætt við landeigendur á Laugabóli, sem gáfu leyfi til að mynda jörðina, en vegna varpstöðvar tjalda, auk roks, þurfti frá að hverfa. Í annarri ferð í Mosdal var rætt við Þorbjörn Pétursson á Ósi, sem einnig gaf leyfi til að mynda Ós og Kirkjuból, sem er á hans landi. Í þeirri ferð var einblínt á strandlengjuna milli Óss og Laugabóls, þar sem heimildir geta um fjölda verbúða frá fyrri öldum (Kjartan Ólafsson, 1999). Um þriggja kílómetra kafli var myndaður með flygildi og var hægt að greina a.m.k. fjórar mismunandi verbúðir á því svæði.

3.1.16. Selárdalur og Uppsálar





MYND 17: SELÁRDALUR OG UPPSÁLIR. NÆRMYNDIR AF SELÁRDAL, UPPSÖLUM, SELJARÚSTUM OG HUGSANLEGUM MINJUM VIÐ FRAMRÆSLU.

Við eyðibýlið Selárdal var hægt að koma auga á áður skráðar minjar (Agnes Stefánsdóttir o.fl., 2004) en einnig var hægt að bæta nokkrum við. Þar mætti sérstaklega nefna tvær aflangar rústir, um 18-20 m að lengd, sem gætu hafa verið skálar og/eða miðaldafjós. Rústirnar eru merktar sem greinilegar fornleifar en frekari rannsóknir gætu gefið betri hugmynd um hlutverk þeirra. Sunnan Selárdals var þá hægt að merkja hugsanlegar minjar á framræstu túni/beitarlandi. Á Uppsölum voru nokkrar rústir við fjallsræturnar og suðaustan bæjarins voru greinilegar rústir, mögulega seljarústir, skráðar. Ætlunin var að mynda alveg niður að sjó en flygildinu var lent eftir að kjói gerði aðflug að því.

3.1.17. Skjaldfannarkot

Heimildir geta um eyðibýlið Skjaldfannarkot í dalnum norðan Mjólkárveirunnar, sem sagt er að hafi farið í eyði í kjölfar skriðufalls á 16. öld (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1984). Minna svæði var myndað en gert var ráð fyrir vegna hvassviðris og slæms sambands milli flygildis og fjarstýringar. Þó var hægt að koma auga á rústir upp við skriðu við rætur Skjaldfannargils. Mögulega eru þær hið eiginlega Skjaldfannarkot en þó er einnig möguleiki að þarna hafi verið reist sel síðar meir. Þarna er rústabyrping með sjö greinanlegum innanrymum.



Skjaldfannarkot: minjar
Greinilegt

MYND 18: SKJALDFANNARKOT. NÆRMYND AF RÚSTAÞYRPINGU.


3.1.18. Stapadalur

Minna svæði var myndað við Stapadal vegna tveggja áhugasamra fýla. Þá var hætt við að mynda svæðið vestan ár vegna varpsvæðis heiðlóu. Skráðar minjar eru flestar frá fyrrihluta 20. aldar og við sjávarsíðuna var hægt að merkja þrjár áður skráðar minjar.



MYND 19: STAPADALUR. NÆRMYND AF ÁÐUR SKRÁÐUM MINJUM VIÐ SJÁVARSÍÐUNA.

3.1.19. Tjaldanes, Svalbarð og Litla-Tjaldanes



MYND 20: TJALDANES, SVALBARÐ OG LITLA-TJALDANES. NÆRMYNDIR AF SVALBARÐI, LITLA-TJALDANESI OG ÁHUGAVERÐUM MINJUM.

Hægt var að nema áður skráðar minjar við eyðibýlið Svalbarð. Auk þeirra var hægt að koma auga á hugsanlegar og greinilegar verminjar á tveimur stöðum við sjóinn. Þá sáust greinilegar rústir í litlu dalverpi.

Flestar fornleifar á þessu svæði sáust þó á Litla-Tjaldanesi (eða Litlatjaldanesi). Þar á meðal eru afar fornlegar, aflangar og bogadregnar rústir auk túngarðs en borkjarnarannsóknir hafa einnig gefið vísbendingar um fornþýli á sama stað (Margrét H. Hallmundsdóttir, óútgefið).

Um 200 m austan Litla-Tjaldaness eru þá þrjár minjar skráðar. Sú stærsta er merkt sem hugsanleg en hún er aflöng og bogadregin og frekari rannsóknir þarf til að meta hvort um sé að ræða fornleifar.


3.2. Myndmælingar: Hitamyndir

Fyrri rannsóknir með hitamyndir á Þingvöllum hafa sterklega gefið til kynna að besti tíminn til hitamyndatöku sé eftir sólsetur (Gunnar Grímsson, 2020). Það er vegna þess að yfir daginn hitar sólin upp yfirborð jarðar og jafnar yfirborðshitann út. Eftir sólsetur kólnar yfirborðið hins vegar mishratt og eru þá fleiri tækifæri til að nema minjar, sem sjást e.t.v. illa eða alls ekki á yfirborði. Ekki er þó búið að reyna á hvenær á kvöldin er best að mynda svæði með hitamyndavél. Því var ákveðið að einblína á færri svæði með hitamyndavélinni og kortleggja þau nokkrum sinnum yfir nóttu til að komast til botns í því. Ákveðið var að mynda skálann á landi Auðkúlu og einnig skálann við Svínuós, norðan Dynjanda, sem fannst með þessari vinnu.

TAFLA 3: KORTLÖGD SVÆÐI MEÐ HITAMYNDAVÉL.

Nr.	Nafn	Dags.	Tími	Ágangur fugla	Fjöldi fluga	Fjöldi mynda	Flughæð (m)	Unnið í kort	Upplausn (cm)	Flatarmál (km ²)
1	Hrafseyri	26.06.20	23:15	Nei	1	80	100	Nei		
2	Litla-Tjaldanes	28.06.20	03:00	Já	2	337	100	Nei		
3	Hrafseyri	01.07.20	23:15	Nei	1	106	100	Já	9,1	0,04
4	Hringsdalur	04.07.20	01:00	Já	1	38	40	Nei		
5	Hóll í Bakkadal	04.07.20	01:20	Nei	1	9	20	Nei		
6	Ós-Laugaból	04.07.20	23:15	Nei	1	130	80	Nei		
7	Auðkúla (skáli)	06.07.20	01:00	Nei	1	133	100	Já	9,1	0,04
8	Auðkúla (skáli)	06.07.20	02:00	Nei	1	108	100	Já	9,1	0,04
9	Auðkúla (skáli)	06.07.20	03:00	Nei	1	133	100	Já	9,1	0,04
10	Auðkúla (skáli)	06.07.20	04:00	Nei	1	109	100	Já	9,1	0,04
11	Skáli við Svínuós	07.07.20	01:30	Nei	1	114	65	Já	7	0,02
12	Skáli við Svínuós	07.07.20	02:30	Nei	1	114	65	Já	7	0,02
13	Skáli við Svínuós	07.07.20	03:30	Nei	1	115	65	Já	7	0,02
Samtals					14	1526				0,25
Meðaltal					1,08	117,38	79,62		8,31	0,03

Þar sem hitamyndavélin er afar næm breytist meðalhitastig hitamynda eftir því sem líður á flugið þar sem hitastig myndavélarinnar breytist. Hér er hugtakið kallað hitarek (e. *thermal drift*). Til að sporna við hitareki eru kortaþekjurnar síuð í SAGA-GIS, til að jafna út falskar hitabreytingar en viðhalda raunverulegum hitabreytingum. Síunin auðveldar einnig túlkun hitamynda. Skýrsluhöfundur lærði að framkalla þessa síunaraðferð í miðjum september og helst þyrfti frekari tilraunir og útfærslur á þessari síun, til að tryggja að engin ummerki fornleifa síist í burtu.



MYND 21: SAMANBURÐUR Á SAMSETTRI HITAMYND FYRIR OG EFTIR SÍUN.


3.2.1. Auðkúla (skáli)



MYND 22: LOFTMYND, HÆÐARLÍKAN OG HITAMYND AF SKÁLANUM VIÐ AUÐKÚLU.

